Byggðasafn Skagfirðinga - Rannsóknaskýrslur

# Fornleifaskrá Reynistaðar



**Guðmundur St. Sigurðarson**
**Bryndís Zoëga**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**Guðný Zoëga**
Mars 2006

**2006/49**

© Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga
Sauðárkróki
2006/49

## EFNISYFIRLIT


**INNGANGUR ........ 3**

**TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA ........ 3**

**FORNLEIFASKRÁNING OG AÐFERÐIR ........ 4**

AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU ........ 4
JARÐANÚMER ........ 4
TEGUND, HLUTVERK OG HEITI ........ 5
LEGA ........ 5
STAÐHÆTTIR OG LÝSING ........ 5
HÆTTUMAT ........ 5
HEIMILDIR ........ 5
HEIMILDAMENN ........ 6
SAGA JARÐANNA OG FORNLEIFAR ........ 6

**HELSTU MINJAFLOKKAR ........ 6**

MINJAR Í TÚNI ........ 6
MINJAR Í EÐA VIÐ TÚN ........ 6
MINJAR UTAN TÚNS ........ 7
VIÐ SJÓ/VÖTN ........ 8

**REYNISTAÐUR 145992-63-1 ........ 10**

SAGA ........ 11
FORNLEIFASKRÁ ........ 30

**MINJAR Í VÍÐIDAL ........ 87**

**HJÁLEIGUR FRÁ REYNISTAÐ MEÐ SÉRNÚMER Í JARÐABÓK ........ 112**

**SAMANTEKT ........ 134**

**HEIMILDASKRÁ ........ 136**

**HNITALISTI ........ 139**

**FYLGISKJÖL: KORT SEM SÝNA MINJAR Á REYNISTAÐ**

## Inngangur

Sumarið 2005 var gerð fornleifaskráning á klausturjörðunum Reynistað í Skagafirði og Þingeyrum í A-Húnavatnssýslu með styrk frá Fornleifasjóði. Markmið rannsóknar var að gera heildarúttekt fornleifa á þessum tveimur jörðum. Vettvangsrannsókn fór fram í ágúst og voru það starfsmenn Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga, Bryndís Zoëga landfræðingur og Guðmundur St. Sigurðarson fornleifafræðinemi sem framkvæmdu hana. Ekki var unnt vegna veðurfars að skrá minjar á Víðidal sem tilheyrði Reynistaðarklaustri og bíður það næsta árs. Við uppmælingu á minjum á jörðunum var Trimble staðsetningartæki notað til þess að teikna tóftir og mæla þær með innan við 1 m nákvæmni.

Yfirumsjón með verkefninu hafði Guðný Zoëga fornleifafræðingur. Sögu jarðarinnar skrifaði Sigríður Sigurðardóttir sagnfræðingur. Hluti skráningarinnar er unnin upp úr óbirtum gögnum Hjalta Pálssonar og kunnum við honum þakkir fyrir það.

Heimildamenn við skráningu voru Sigurlaug Guðmundsdóttir og Helgi Sigurðsson bændur á Reynistað og er þeim hér með þökkuð veitt aðstoð.

## Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur

hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna gegn því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Það er augljós hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Við það vinnst tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er hvorki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar né framkvæmdaaðila og þess vegna sameinar fornleifaskráning hagsmuni beggja, fræðigreinarinnar og þeirra sem að framkvæmdum standa.

# Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp.

Í fornaleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.[1]
Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á. Minjarnar eru færðar á loftmynd frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

## Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem hér greinir.

## Jarðanúmer

Jörðin er auðkennd með jarðarheiti og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, Reynistaður 145992, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1847, sem er 63 í þessu tilviki. Þar að auki er

[1] J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar með eftirfarandi hætti: Reynistaður 145992 63-4.

## Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild" sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Langhúshóll, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. hesthús eða hlaða.

## Lega

Þegar staðsetning minja er þekkt er nákvæm staðsetning þeirra skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Hnitin eru tekin í landshnitakerfinu ISN93. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndum frá Landmælingum Íslands og Loftmyndum ehf.

## Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

## Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

## Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

### Heimildamenn

Heimildamenn við skráningu voru: Sigurlaug Guðmundsdóttir og Helgi Sigurðsson á Reynistað.

### Saga jarðanna og fornleifar

Þar er stiklað á stóru í kaflanum um sögu jarðarinnar og fornleifarnar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

## Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

### Minjar í túni

***Bæjarstæði***

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

***Kirkjur*** voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á ***alkirkjum***, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á ***hálfkirkjum***, svokölluðum útkirkjum (annexíum) var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á ***fjórðungs-*** og ***þriðjungskirkjum*** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

***Bænhús*** voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

***Grafreitir*** voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðinu, umhverfis kirkjur. Elstu kirkjugarðar voru hringlaga en urðu seinna ferhyrndir. Fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að miklu víðar hafi verið jarðað í frumkristni en ætlað hefur verið og seinna varð.

### Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

***Fjós*: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.
***Fjárhús*: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóft eða stalla undan jötum upp við veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar við fjárhústóftir.
***Hrútakofar*: Smærri kofar oft yst í túni.
***Lambhús*: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.
***Hesthús*: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.
***Smiðjur*: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.
***Kofar*: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar, eldiviðarkofar.
***Brunnar*: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferhyrndir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.
***Myllur*: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.
***Kvíar og stekkir*: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en þær voru einn dilkur,. Kvíar voru yfirleitt hlaðnar upp þar til síðustu áratugi fráfærnaskeiðs að farið var að nota færikvíar úr timbri og yfirleitt staðsettar á kvíabóli.

## Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

***Kuml/haugur/dys/kumlateigur*: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.
***Réttir*: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabrúks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðheldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.
***Stekkir*: Eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt

væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg og oft ekki í sjónmáli við bæ. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.
***Nátthagar***: Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ánna á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og geta því vel verið í næsta nágrenni við bæi.
***Sel***: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.
***Stöðull***: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.
***Beitarhús***: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.
***Smalakofar***: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.
***Heytóftir/heystæði/heykuml/heygarðar***: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.
***Fjárborgir***: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.
***Garðlög***: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkja-garðar.
***Heyvinnsla***: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

## Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða

útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

***Sjóhús/verbúðir*:** Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.
***Fiskbyrgi*:** Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.
***Hjallar*:** Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.
***Naust/hróf*:** Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.
***Uppsátur*:** Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur voru líka til en eru sjaldgæfari.
***Fiskgarðar*:** Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

## Reynistaður 145992-63-1




***Mynd 1, Reynistaður. Túnakort Guðmundar Sveinssonar frá 1917 lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Tölvuteikn. GSS.***

***Saga***

Reynistaður var eitt af höfuðbólum Skagafjarðar og stórbýli um aldir, þingstaður og kirkjustaður. Fyrrum var talað um Stað í Reyninesi.

**Reynistaðarannáll**

**11. öld** Staður í Reyninesi, eins og staðurinn hét þá, var eign Þórðar hesthöfða föður Þorfinns karlsefnis. Þar bjuggu Þorfinnur og Guðríður Þorbjarnardóttir a.m.k. fyrsta búskaparárin segir í Eiríks sögu rauða. Sennilega hefur kirkja verið reist að Stað skömmu eftir kristnitöku árið 1000.

**12. öld** Reynistaður var í eigu þess leggs Ásbirninga, sem voru afkomendur Þórðar hesthöfða og eitt af höfuðbólum þeirra á Sturlungaöld.

**13. öld** Þá bjuggu þar Ásbirningarnir Kolbeinn kaldaljós eða Staðar-Kolbeinn og Brandur sonur hans.

**1245** eftir dauða Kolbeins unga á Víðimýri 1245 tók Brandur Kolbeinsson á Stað við ríki Ásbirninga, öllum mannaforráðum og goðorðum í Skagafirði.

**1246** féll Reynistaðarbóndi, Brandur Kolbeinsson, í Haugsnesbardaga. Með falli hans lauk veldi Ásbirninga.

**1259** keypti Gissur Þorvaldsson (1209-1268) jarl, af ætt Haukdæla, jörðina af bróður Brands, Páli Kolbeinsyni. Gissur missti konu sína og þrjá syni í Flugumýrarbrennu 1253. Gissur jarl var sagður grafinn í gólfi kirkjunnar.

**1268** gaf Gissur Stað til klausturs, skömmu fyrir dauða sinn.[2]

**1295** var stofnað nunnuklaustur og sett þar Benediktsregla og kirkjan og staðurinn helgaður Guði og heilagri Maríu mey.[3]

**1298** var fyrsta abbadísin vígð að Reynistað, hét sú Katrín en samkvæmt Skálholtsannál var hennar stjórnartíð ekki nema eitt ár, frá 1298-1299.[4]

**1299** var Hallbera Þorsteinsdóttir vígð[5] að klaustrinu sem abbadís. Hún var afkomandi Þorfinns karslefnis og Guðríður, sem gerðist einsetukona og nunna að Glaumbæ[6] eftir að hún kom úr suðurgöngunni.

---

[2] Janus Jónsson, 1887. Bls. 242

[3] DI - *Íslenzkt fornbréfasafn* (II). Bls. 300-302

[4] *Islanske annaler ind til 1578. Skálholtsannáll* 1888. Bls. 198-199

[5] Sturlunga saga, 1953 (I). Bls. 10-12

[6] *Íslendingasögur og þættir. Grænlendingasaga, 1986. Bls.*1109

**1330** varð Guðný Helgadóttir abbadís (1330/31-1367-69).[7]

**1361** varð Agnes Jónsdóttir abbadís (1461-1507).[8]

**1367** varð Oddbjörg abbadís (1367/69-1388-89).[9]

**1389** varð Ingibjörg Örnólfsdóttir abbadís (1389/90/91-1401/02).[10]

**1408** varð Þórunn Ormsdóttir príorissa (1408/24-1436?).[11]

**1437** varð Þóra Finnsdóttir abbadís (1437-1460/61)[12] og tók sér dýrlingsnafnið Barbara og upp frá því nefnd Barbara abbadís.[13]

**1453** voru 18 þjófar fangaði vestan við Staðaröxl í helli sem kallaður hefur verið Þjófahellir. Höfðu þeir rænt kvenfólki, reiðtygjum og vopnum. Smalamaður á Reynistað komst í hellinn, bar frá þeim vopnin meðan sváfu og sagði til þeirra. Þeir náðust og voru færðir að Reynistað, geymdir þar í 3 nætur meðan þingað var og voru 17 þeirra hengdir þar suður á vellinum er síðan heitir Gálgagarður eða Gálgahúshóll og dysjaðir í Dysjagili, sem er sunnan Staðarárinnar.[14]

**1461** varð Agnes Jónsdóttir priorissa að Stað.

**1508** varð Solveig Hrafnsdóttir abbadís (1508-1561/62/63).[15]

**1552** var klaustrið lagt niður og jörðin varð konungseign.

**1758** varð Jón Steingrímsson, síðar eldprestur, djákni að Reynistað og þjónaði þar til 1753.[16]

**1758** brunnu bæjarhúsin til kaldra kola. Uppbygging bæjar hófst strax.

**1780** um haustið sendi Halldór klausturhaldari á Reynistað syni sína tvo ásamt tveimur öðrum til fjárkaupa austur í Skaftafellssýslur ásamt tveimur öðrum. En Norðlendingar voru knúnir til að fella fé sitt vegna fjárpestar sem kom af innfluttum kynbótahrútum. Var annar um tvítugt og hinn 11 ára. Þeim bættist einn fylgdarmaður fyrir sunnar og lögðu upp fimm saman úr byggð í Hreppum annan laugard. í vetri með 200 fjár og 5 áburðarhesta. Sumarið eftir fundust tvö lík á Kjalhrauni (ekki Reynistaðarbræður).

---

[7] Byskupa sögur, 1953 (I). Bls. 137. Sums staðar er talað um frú Kristínu.

[8] DI - *Íslenzkt fornbréfasafn* (V). *Bls. 226-227*

[9] *Islanske annaler ind til 1578. Gottskálksannáll,* 1888. Bls. 366 o*g Lögmannsannáll, 1948*. Bls. 133; *Gottskálksannáll,* 1888. Bls. 366. Hún kom frá Kirkjubæjarklaustri

[10] *Islanske annaler ind til 1578. Lögmannsannáll,* 1948. Bls. 134

[11] *Islanske annaler ind til 1578. Skarðsárannáll,* 1922-1927 (I). Bls. 52

[12] DI - *Íslenzkt fornbréfasafn* (IV). Bls. 569-570

[13] Anna Sigurðardóttir, 1988. Bls. 129

[14] *Annálar 1400-1800*, 1922-1927, I. Skarðsárannáll.

[15] *Islanske annaler ind til 1578. Skarðsárannáll*, 1922-1961. Bls.77

[16] Jón Steingrímsson, 1973. Bls. 89.

**1843** keypti Einar Stefánsson umboðsmaður klaustursjarðanna Reynistað af konungi.

**1868** lét Einar byggja kirkju þá er enn stendur.

**1871** keypti Jón Hallsson prófastur í Glaumbæ jörðina og hefur hún verið í eigu niðja hans síðan. Hann lét Eggert Briem sýslumann hafa jörðina til ábúðar.

**1880** var Reynistaðarklaustursþing (prestakall) lagt af og kirkjan varð útkirkja frá Sauðárkróki og síðar, 1960, frá Glaumbæ.

**1894** var keypt stór og góð eldavél fyrir heimilið.

**1899** var sett bréfhirðing upp á Reynistað. Sú þjónusta var veitt þar til 1974.

**1907** var reist rjómabú við Staðará og kornmylla stuttu seinna.

**1908** var keypt fyrsta hestasláttuvélin, fyrir tvo hesta og nokkru síðar var keypt rakstrarvél. Það ár hófst skurðgröftur frá Reynistaðarengjum að norðurmerkjum Reynistaðar, vestur í Staðará.

**1911** var byggt 14 kúa fjós úr steinsteypu með járnþaki og torfeinangrun. Yfirsmiður var Haraldur Sigurðsson steinsmiður.

**1912 -1914** voru steypt upp hlaða og fjárhús undir Klausturbrekkunni sem tóku við húsum sem áður voru um allt túnið, hlaðan fyrir 1000 hesta af heyi og húsin fyrir 200 fjár. Yfirsmiður var Páll Þórðarson á Gili.

**1926** var sett upp símstöð sem starfrækt var til 1974.

**1934** um haustið hófu Reynistaðarbændur refarækt, en seldu það þremur árum seinna.

**1934-1935** var byggt steinhús á Reynistað. Gamli bærinn var rifinn á árunum 1936-1940. Bæjardyrahúsið var tekið til varðveislu ásamt viðum úr gestastofu. Fleiri merkir munir eru varðveittir frá gamalli tíð, svo sem spjöld af prédikunarstóli, sem giskað er á að geti verið frá 17. öld og að Guðmundur Guðmundsson frá Bjarnastaðahlíð hafi skorið.

**1940** varð Reynistaður ættaróðal og hélst það fyrirkomulag til 1999 er hún var leyst úr óðalsböndum.

**1942** var byggt félagsheimilið Melsgil. Sama ár hófst þar barnaskóli sem stóð til 1998.

**1944** fékk ungmennafélagið landsspilu frá Reynistað og plantaði trjám umhverfis félagsheimili Melsgilið. Félagið og hreppurinn byggðu svo saman félagsheimilið, þar sem rekinn var barnaskóli til 1996..

**1949** afhentu Reynistaðarbændur söfnuðinum kirkjuna ásamt öllum munum hennar.

**1984** var kirkjugarðurinn stækkaður til suðurs.

**1987-1989** voru glerlistaverk Leifs Breiðfjörð sett í glugga kirkjunnar.

**1999** var óðalsréttur jarðarinnar afnuminn

**2000** var bæjardyraport frú Þóru frá 1762 fært á sinn stað og gert við það.

**Söguágrip**

Í Landnámabók segir: „Sæmundur [hinn suðureyski] nam Sæmundarhlíð alla til Vatnskarðs, fyrir ofan Sæmundarlæk, ok bjó á Sæmundarstöðum“.[17] Þrjú börn hans eru nafngreind: Geirmundur sem bjó að Geirmundarstöðum, Reginleif amma Guðmundar ríka, sem var langafi Sæmundar fróða og Arnaldur sem mægðist við Höfða-Þórð er hann gifti Rjúpu dóttur sína Þorgeiri syni Þórðar. Ekki er sagt hvar Arnaldur bjó en ekki er ólíklegt að hann hafi tekið við Sæmundarstöðum. Eins og fram kemur í Vínlandssögunum[18] voru afkomendur Höfða-Þórðar sestir að á Stað í Reyninesi, eins og staðurinn var nefndur þá, fyrir kristnitökuna og það er margt ólíklegra en að Staður sé hinn sami og Sæmundarstaðir og uppnefnt eftir að Sæmundur féll frá. Í sögu Eiríks rauða segir frá afkomendum Þórðar á Höfða sem settust að í landnámi Sæmundar suðureyska. Kona Þórðar var dótturdóttir Kjarvals Írakonungs. Snorri sonur Þórðar giftist Þórhildi rjúpu dóttur Þórðar gellis og Hróðnýjar Skeggjadóttur landnámsmanns á Reykjum í Miðfirði.[19] Þeirra sonur var Þórður hesthöfði faðir Þorfinns karlsefnis, sem erfði Stað í Reyninesi eftir foreldra sína og var í millilandasiglingum á sínum yngri árum. Hann hitti konuefnj sitt, Guðríði Þorbjarnardóttur, á Grænlandi og giftust þar. Eftir að þau reyndu að setjast að á Vínlandi segir í Eiríks sögu: „fór Karlsefni til Íslands ok Guðríðr með honum ok heim til Reynines. Móðir hans þótti sem hann hefði lítt til kostar tekit, ok var hon eigi heima inn fyrsta vetr“.[20] Í Grænlendinga sögu segir um sama atburð: Karlsefni ... kom skipi sínu fyrir norðan land í Skagafjörð, ok var þar upp sett skip hans un vetrinn. En um várit keypti hann Glaumbæjarland ok gerði bú og bjó þar, meðan hann lifði“.[21]

Sem fyrr segir er talið að Gissur Þorvaldsson jarl hafi gefið staðinn undir klaustur sér til sáluhjálpar og í minningu Gróu konu sinnar og þriggja sona, er brunnu inni á Flugumýri árið 1253. Árið 1295 stóðu Jörundur Þorsteinsson biskup á Hólum (1267-1313) og frú Hallbera Þorsteinsdóttir fyrir stofnun nunnuklaustursins að Stað í Reyninesi árið 1295 og biskup lagði klaustrinu til 23 jarðir í stofnfé. Reynistaðarkirkja átti hálfa jörðina ásamt Holtsmúla og Hvammi og biskup lagði klaustrinu til hinn helming Reynistaðarlands auk 23 jarða og jarðarhluta, sem sagt var að biskup hefði keypt með lausapeningum, líklega hafa

[17] *Íslendinga sögur. Landssaga og landnám.* Fyrsta bindi, 1946. Bls. 142.

[18] Þar er átt við Grænlendingasögu og Sögu Eiríks rauða.

[19] *Íslendinga sögur. Landssaga og landnám.* Fyrsta bindi, 1946. Bls. 139, 334.

[20] *Íslendinga sögur. Landssaga og landnám.* Fyrsta bindi, 1946. Bls. 142, 358.

[21] *Íslendinga sögur. Landssaga og landnám.* Fyrsta bindi, 1946. Bls. 142, 388.

það verið fjármunir Hólakirkju. Skrá yfir jarðir og eignir klaustursins eru til frá 1446 eftir Gamla Björnsson, unnið fyrir Gottskálk biskup Kæneksson á Hólum. Þar eru taldar 43 jarðir í byggð og 7 í eyði. Kúgildi á þessar jarðir voru í allt 302 og ætti það að hafa gefið um þrjú tonn af smjöri í leigu árlega. Landskuldir voru samtals 40,5 vættir af skreið eða um 1.400 kg, 65 hundruð og 60 álnir í landaurum og 20 kálfar.[22] Jarðirnar voru orðnar 50 er Danakonungur sló eign sinni á þær 1540.





*Á innsigli klausturins sést útbrotakirkja eins og norsku stafkirkjurnar voru á þeim tíma og eru enn. Líkum er leitt að því að klausturkirkjurnar hafi líkst þeim að gerð og útliti.*

Biskup veitti klaustrinu sjálfur forstöðu til 1298, er fyrsta abbadísin var vígð. Þekktust abbadísa klaustursins var Solveig (1508-1562) dóttir Hrafns lögmanns Brandssonar, sem kornung gekk í klaustrið til að kaupa frið fyrir sálir föður og afa, sem höfðu báðir verið bannfærðir. Í klaustrinu liðu dagarnir við bústörf og bænahald, tíðalestur og -söngva, kennslu í skrift, lestri og talnafræði og hannyrðir. Klausturkirkjan er talin hafa verið útbrotakirkja af stafverksgerð, eins og sjá má á innsigli klaustursins. Í máldaga frá 1408 er vísbending um að í henni hafi verið þrjú ölturu. Kirkja þessi var tekin niður um 1570, nema „sancta sanctorum (kór) þeirrar miklu trékirkju, sem forðum var á Reynistað“ og brotnaði í sundur í ofviðri árið 1640, eins og segir í Skarðsárannál.

Í Sigurðarregistri frá 1525 eru taldar upp 50 jarðir í eigu klaustursins en auk þess rekapláss á Skaga. Þar segir: „Reka allan með Kothvammi og út til Rauðalækjar. Með Selá hálfa alla reka mót við Hólsmenn. Með Brókarlæk hálfir rekar úr miðri Torfgróf og bás þann með sem inn er frá Fagrabási til móts við Selnes að helmingi við Víðimýrarkirkju. Úr miðjum Hvalbási og út til Hvallækjar. Meður Mallandi fjórðungur um Heimavík vestan frá Skarði og austur. Á Tanga um alla austurfjöru og inn á móts við Ketumenn. Áttungur frá Skarði og út til Látra. Hálfan viðreka um öll hóp. Enn fjórðungur í hvalreka bæði um hóp og Keflavík. Hálfan viðreka í ósvík hinni vestari. Fjórðung í viðreka vestur frá Fornuvör og til Þriggjasteina. Allan viðreka á Langafjöru. Þessar ítölur á klaustrið: Lambseldi um hálfan

[22] *DI - Íslenzkt fornbréfasafn* (IV). Bls. 700-702.

Skagafjörð, Hólm og Hegranes, frá Hrauni á Skaga til Hofs í Dölum. Item kúgildir með jörðum 170“.[23]

Skömmu eftir siðaskiptin voru eignir klaustursins komnar undir konung og árið 1556 gerði Oddur Gottskálksson lögmaður Gunnar Gíslason að umboðsmanni klaustursins. Þá voru jarðirnar 44 og mun lægri álögur en 1446. Fjöldi kúgilda var kominn í 156 og heildarsumma landskulda var 48 hundruð. Heildartekjur af landskuldum og kúgildum töldust 84 hundruð í verðaurum[24].

Í jarðabók klaustursins frá 1728 er kirkju og bæjarhúsum á Reynistað lýst og tilteknar eignir klaustursins. Þá eru 22 hús í bæjarþyrpingunni auk kirkjunnar og 10 útihúsa. Jarðirnar taldar 50 með tveimur óþekktum jörðum og heimajörðinni sjálfri. Árið 1719 voru jarðir klaustursins utan heimajarðarinnar metnar á um 870 hundruð en 600 hundraða við endurmat árið 1728. Samkvæmt Bessastaðajarðabók frá 17. öld voru landskuldir 44 hundruð alls, 90 álnir og 156 ½ leigukúgildi. Árið 1719 þegar Jens Spendrup sýslumaður tók við umboði klaustursins var landskuld hinsvegar 35 hundruð og 119 ½ leigukúgildi í allt og eftir endurmatið 1728 var landskuld áætluð 32 hundruð og 50 álnir, en þá voru leigukúgildi 112 og einn þriðji[25].

Samtals 85 jarðeignir voru í eigu Reynistaðarklausturs um lengri eða skemmri tíma. Í afhendingarbréfi Reynistaðarklausturs eftir Odd Gottskálksson segir að Þórður Guðmundsson hafi afhenti Gunnari Gíslasyni allar eigur klausturins í kviku og dauðu. Þar á meðal voru í Borðhúsi 40 vætta ársgamalt ríflega stikulangt smjör og breitt eftir því. Þar var og 40 fiskar og eitt kjötkrof. Klaustrið átti einn stóran eldunarpott og fjóra smáa, og þann fjórða brotinn, tveggja tunnu ketill mjög eldaður með gati á botninum og fimmfjórðunga[26].

Heimildir um hús á Reynistað eru víða, þótt engar nákvæmar úttektir liggi fyrir fyrr en á seinni öldum. Vitað er fyrir víst að baðstofa tilheyrði klaustrinu á Stað því Agnes Jónsdóttir abbadís (d.1507) ræddi við Þorvald bróður sinn í klausturbaðstofunni, í viðvist fjögurra

[23] DI – *Íslenzkt fornbréfasafn* (IX). Bls. 321.
[24] DI - Íslenzkt fornbréfasafn, IX. Bls.141-145.
[25] ÞÍ. Jarðabók Reynistaðarklausturs, 1728. Bls. 1-77.
[26] DI- *Íslenzkt fornbréfasafn,* (XIII). Bls. 141.

klaustursystra[27]. Kapítulahús eða kapítuli kemur oft fyrir í heimildum um klaustrið, en langoftast er talað um vistarverur[28], sem hefur sennilega verið fundaherbergi klaustursins þar sem t.d. samn-ingar voru handsalaðir.

Í lýsingu á staðsetningu skemmu og útibúrs árið1436, segir: „Það gjörum vér síra Nikulás Kálfsson, Illugi Björgólfsson og Snorri Ólafsson góðum mönnum kunnugt með þessu voru bréfi, að þar vorum vér í hjá sáum og heyrðum á í skemmunni að Stað í Reynisnesi, að systir Þóra Finnsdóttir seldi Jóni Bergssyni með handabandi útibúrið á Stað, það norðast er frá skála næst réttinni“[29]. Hirsluhús (þ.e. geymsla) sem tilheyrði klaustrinu er getið í próventusamningi Loðins Skeggjasonar frá 1394 er hann samdi meðal annars um að fá til afnota „hirsluhús út af skála, það sem utan eru dyr á“[30].

Svokölluð litla stofan og klefi koma við sögu í öðrum próventusamningi, sem Illugi Björgólfsson samdi um að fá handa sér: „litlu stofuna inni fyrir framan búr og þar með klefann“, árið 1427[31]. Litla stofan á Reynistað hefur verið eftirsótt því árið 1459 er klaustrið tók við Helgu Finnsdóttur í próventu samdi hún, eins og Illugi: „Skildi þráttnefnd Helga sér hreinlega þjónustu af staðnum og litlu stofuna“[32].

Árið 1627 segir Séra Gunnlaugur í Vallholti að kona sem fæddi tvö börn á Reynistað og myrti bæði, stakk öðru í skálavegginnn fyrir ofan sig, en hinu undir torfurnar í rúminu, dó svo sjálf á eftir[33]. Þarna er beinlínis sagt að fólk hafi sofið í skálanum og að torf (reiðingur) hafi verið notað fyrir dýnu í fletin.

Séra Jón Steingrímsson, síðar eldprestur, varð djákni að Reynistað árið 1751 lýsir húsum að aðstæðum á Reynistað þokkalega vel í Ævisögu sinni, en er hann kom þar var honum fengið „til verelsis hagkvæmt hús, og fyrir þjónustustúlku, að passa upp á rúm mitt og fatnað“[34] en hann geymdi allar bækur sínar allar á kirkjuloftinu og svaf þar oft[35]. Árið 1752

[27] DI- *Íslenzkt fornbréfasafn* (VIII). Bls. 313

[28] DI- *Íslenzkt fornbréfasafn* (V). Bls. 397; DI- *Íslenzkt fornbréfasafn* (IV). Bls. 430, 570.

[29] DI - *Íslenzkt fornbréfasafn* 1897 (IV). Bls. 564.

[30] DI - *Íslenzkt fornbréfasafn* 1893 (II). Bls. 496.

[31] DI - *Íslenskt fornbréfasafn* 1897 (IV). Bls. 342.

[32] DI - *Íslenskt fornbréfasafn* 1899-1902 (V). Bls. 194.

[33] *Annálar 1400-1800*, 1922-1927, I Vallholtsannáll. Bls. 326.

[34] Jón Steingrímsson, 1973. Bls. 89.

var Árni, stuttur og digur, ráðinn að Reynistað þar sem hann „hlóð og þakti öll hús“ staðarins á vegum Þórunnar Hannesdóttur prestsekkju konuefni séra Jóns sem fékk að halda hálfri jörðinni. Hinn helminginn tók fyrir sig Þóra Björnsdóttir ekkja séra Halldórs biskups með aðstoð Skúla sýslumanns Magnússonar. Eins og séra Jón sagði frá því „lét taka af oss hálfan eldivið, hálf tún og engjar, og lá við um heyið sjálft“[36]. Þann 29 september 1753 var brúðkaup þeirra Jóns Steingrímssonar og Þórunnar haldið að Reynistað. „Var í því samkvæmi borðsitjandi 90 manns, og hvað þar uppgekk af mat og ölföngum þann hálfan mánuð, sem allt það yfir stóð, get eg frásagt; en svo varð uppgangsamt, að í vandræði sýndist og vanefni mundi komast ... var dregið fyrir í ána rétt fyrir framan bæinn. Þar gáfust þá 60 laxar; vó hinn minnsti fjórðung, en hinn mesti rúma 3 fjórðunga ... Vissi enginn þar hefði fyrr þvílík veiði geifizt“[37].

Fimm árum seinna, árið 1757, brann „klaustrið til kaldra kola, sem var af praktugri húsabyggingu, 50 stafgólf að samanlögðu“[38]. Það hafi verið borinn eldur í smiðju, sem stóð sunnan kirkjugarðs og blöstu þilin við. Þar við var svokölluð smjörva-skemma þar sem geymdur var tjörukaggi og annað eldfimt, og drógu menn þá ályktun síðar, að fokið hefði í hana neisti. Um nóttina vöktu konur tvær við kjötsoðningu og urðu þær fyrstar varar við reyk. Fór margt fólk í nærfötin og hljóp út „en sumir tóku nokkuð úr rúmum með sér, er þolnari voru. Sumir fóru að sækja vat í ána, en engum varð fyrir að brjóta; var bærinn allur í loga, en skemma, sú er getið var, brann gjörvöll og það, er í var. Þórður djákn son Þórodds Þórðarsonar og Páll Halldórsson biskups fleygðu því, er þeir áttu, út um glugga og björguðu sínu öllu, en engir aðrir. En er allir voru út komnir, var eftir barn í rúmi húsfrúr Þóru, Ragnheiður Vigfúsdóttir systir Sigurðar, er síðan var prestur að Skeggjastað, en ein heimakona, Guðrún dóttir Jóns smiðs á Skúfssstöðum, hljóp inn og sveiflaði saman klæðunum og bar suður í kirkjugarð. Sat frúin þar og fleiri og færði hún henni strangann og kvaðst ei vita, hvað í væri. Hún vafði sundur og fann barnið heilt og mælti: „Guði sé lof, nú er mér bætt allra meina,“ tók upp 4 speciur, er henni höfðu goldizt um daginn, og gaf konunni og kvaðst ei framar mundi launað fá. Þar brunnu inni lömb nokkur í búri og kálfar tveir. Þorvaldur prestur gekk um gólf á hlaði og kvaðst skyldi gefa þeim 30 dali, sem næði kistu sinni í Portslofti. Þá hljóp upp Brynjólfur smiður son Halldórs biskups og náði í

---

[35] Jón Steingrímsson, 1973. Bls. 103.

[36] Jón Steingrímsson, 1973. Bls. 111.

[37] Jón Steingrímsson, 1973. Bls. 113.

[38] Jón Steingrímsson, 1973. Bls. 131.

kistuna; í því féll loftið og þilið fram, en hann stökk út úr loftinu og hélt á kengnum, var kistan eftir. Þar fundust 12 heilar skeiðar síðan, er Halldór prestur Jónssona að Hólum hafði léð, annað silfur og tin rann flest saman. Komu nú menn hvaðanæva, en þó brann allur staðurinn nema ein skemma nálega tóm og kirkjan, og ei komst eldur í heyin, og fóru þó neistar inn um tóftarglugga. Var veður mikið meðan brann, en logn eftir og áður. Lá fólk síðan í kirkjunni og fékk allt af föngum til, en Þorvaldur prestur kvæntist út í Vík um daginn. Eldurinn lifði fram á haust í moldinni, en þó leituðu margir að stela úr dyngjunni“[39]. Þóra lét endurbyggja bæinn á árunum 1758-1763.



*Sýslukontórinn á Reynistað um 1880 þar sem haldin var þjóðhátíðarveislan árið 1874. Eggert Briem sýslumaður flutti hús þetta með sér úr Eyjafirði. Fyrst stóð það við bæinn á Hjaltastöðum eða frá 1862-1872 er það var flutt yfir að Reynistað þar sem það stóð til 1889 og var þá flutt út að Gili í Borgarsveit. Það stendur nú við Glaumbæ og er í dag kallað Gilsstofan. Í veislu sem haldin var í tilefni þjóðhátíðinnar á Reynistað í júlímánuði 1874 komu um 300 manns. „Hátíðin byrjaði með messugjörð í kirkjunni. ... Þá var setin fjölmenn matar veisla í húsi því, er fyrst var bygt á Espihóli ... Fram af húsum þessu, eða austur af því, var til viðbótar tjaldað. ... Undir borðum voru margar ræður haldnar, og flutt kvæði. Síðar var bæði sungið og stiginn dans. Menn skemtu sjer á ýmsan annan hátt fram á nótt“.[40]*
*Teikningin hér fyrir neðan sýnir grunnmynd bæjarins eins og hann var1830-1840. Eftir Hörð Ágústsson.*



Hús bæjarins voru: 1) svefnskáli (3 herbergi) með lofti, 2) bæjardyr, 3) skáli, 4) eldiviðarskemma, 5) bæjargöng, 6) austurstofa, 7) eldhús (miðherbergi) 8) vesturstofa, yfir stofunum var baðstofan, 9) matskáli með svefnlofti fyrir pilta á sumrin, 10) innra búr,

[39] Jón Espólín, Einar Bjarnason, 1976. *Saga frá Skagfirðingum 1685-1847*. Bls. 86-87.

[40] Elín Briem, 1940: „Helstu æfiatriði sýslumannshjónanna Eggerts Gunnlaugssonar Briem og Ingibjargar Eiríksdóttur”. *Lesbók Morgunblaðsins* Sunnudaginn 4. febrúar.

undir því var sláturkjallari, 11) fremra búr, 12) hlóðaeldhús, 13) kamar, 14) smiðja, 15) verkfærahús, 16) hestarétt, 17) hesthús, 18) hlaða.



*Árið 1868 lét Einar Stefánsson stúdent, umboðsmaður Reynistaðarklausturs sem keypti jörðina af konungi árið 1843, lét byggja timburkirkju sem leysti af hólmi torfklædda kirkju sem þar var áður inni í miðjum kirkjugarðinum, vestur af baðstofunni.*

Eldri kirkjur voru í garðinum miðjum, en er núverandi kirkja var byggð var hún sett niður í suðurhorni garðsins.[41] Hún er grindarhús, í sjö stafgólfum og stendur á hlöðnum sökkli úr ótilhöggnu grjóti, en múrað er í með steinsteypu og eru kór og kirkjuskip undir sama formi og með söðulþaki. Á framstafni kirkjunnar er forkirkja á steyptum sökkli og turn á lágum stalli. Við kirkjudyr er viðarpallur og tvö þrep upp á hann, það neðra hellulagt. Garðurinn var stækkaður til vesturs og austurparturinn aflagður fyrir nokkrum áratugum og jafnframt var hann stækkaður suður fyrir kirkjuna, en austan við kirkjuna mótar fyrir veggjaleifum. Í barðinu sunnan og austan við kirkjuna er jarðfall, þar sem göng voru inn í bakkann og hurð fyrir. Hægt var að komast stutta leið eftir göngunum og lágu þau fyrst til vesturs fáeina metra en þverbeygðu síðan til norðurs og hafa þá stefnt að kirkjunni“[42].

[41] Þór Hjaltalín. „Reynistaðarkirkja. Kirkjustaður“. Bls. 136.

[42] HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997.

Bæjardyrahúsið á gamla bænum frá tíma Þóru, stendur enn á Reynistað. Það var fært til er bærinn var rifinn og flutt fram á hlað vestan við nýja steinhúsið um 1938, þaðan sem það var flutt í kring um 1960 aðeins vestar á hlaðið og þá voru hlaðnir veggir utan um það úr múrsteinum og síðan var húsinu ýtt inn í þessa nýju skel með bíl um eina húsbreidd.[43] Járn var klætt á norðurgafl og járnþak var sett á það, en suðurgaflinn sá er fram snéri hélt sér. Þess skel hlífði húsinu svo vel að þegar gert var við það og það flutt árið 2000 þangað sem það er nú, aðeins sunnan við gamla bæjarstæðið þar sem það stóð upphaflega, þurfti ekki annað en gera við smáfúa á gömlu þiljunum og setja það inn í annars konar hlíf. Þá voru hlaðnir upp veggir úr grjóti og torfi og settur timburgafl á það að vestan (sem áður snéri norður) og þak yfir gömlu þakviðina. Í kring um 1830-1840 var einn höfuðsmiður héraðsins, Jón Samsonarson bóndi í Keldudal (forsmiður Víðimýrarkirkju) fenginn að Reynistað til að laga hús þar og má vel vera að dyragaflinn, sá sem enn heldur sér, sé hans verk. Þil á vesturstafni (sem snéri í norður) var samið á húsið með dyragaflinn að fyrirmynd. Húsið er af yngstu íslensku stafverksgerð og strikaðir viðir að utan sem innan setja sterkan svip á það.



*Þetta er bæjardyrahúsið sem enn stendur eftir af gamla bænum á Reynistað. Það er bæjardyrahús sem er byggt um 1762 og er í dag „ein best varðveitta stafverksbygging sem enn stendur í landinu“.[44]*



Þegar hlaðnir voru upp veggir fyrir portið sunnan við gamla bæjarstæðið komu upp nokkur mannabein enda var húsið sett niður fast austan við mörk elsta þekkta kirkjugarðsins á staðnum. Bæjardyraport Þóru eins og þetta hús hefur verið nefnt, er stafverkshús, en þau eru byggð upp

*Grunnmyndin er af síðasta torfbænum á Reynistað.*
*Teikning eftir Hörð Ágústsson.*

[43] HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997.
[44] Þór Hjaltalín. „Reynistaðarkirkja. Kirkjustaður“. Bls. 136.

þannig að inn í grindina er smeygt stöfum í gróp í grindarviði. Stafirnir læsast saman í þil sem stífar grindina og styrkir burðarvirkið. Húsið er ein merkasta heimild um íslenska húsagerð frá fyrri tímum og sýnir elstu gerð húsa hérlendis. Stafverkið hvarf fyrir annarri gerð, bindingsverki, á 19. öld. Tréverkið er allt frá 18. öld, utan þil (slagþil) að vestan og austan. Þilgerðin er yngri en innviðirnir, eða frá fyrri hluta 19. aldar og tilheyrir bindingsverksgerð. Húsið stendur nú stakt og hefur verið hlaðið um það torfhlíf í sama stíl og hleðslur voru á gamla bænum. Hafa skal í huga að veggir eru þykkari en er það stóð með öðrum húsum og að aftan við það og við hlið þess voru hús sem innangengt var í. Yfirsmiður var Bragi Skúlason og er allt tréverk handunnið, höggvið, heflað og -strikað. Yfirmaður torf- og grjóthleðslu var S. Helgi Sigurðsson. Húsið er friðlýst eign Þjóðminjasafns Íslands, en Byggðasafn Skagfirðinga sá um og kostaði viðgerð þess að mestu og hefur verið tengiliður heimamanna og Húsasafns Þjóðminjasafnsins..

Mikill hluti síðasta torfbæjarins á Reynistað var endurbyggður um 1830-1840, en hluti hans var frá 1758-1760, og elsta hús staðarins er einmitt, eins og fram hefur komið, bæjardyraportið af þeim bæ og hefur með þeim viðhaldsaðgerðum staðið frá því um 1760. Hluti af íbúðarhússlengjunni var endurbættur 1872 er Eggert Briem bætti Espihólsstofunni (Gilsstofunni sem nú heitir og hefur staðið í Glaumbæ frá 1997) við bæjarhúsin.

Peningshúsum var dreift um túnið „til hægðarauka vegna áburðarflutnings á túnið“[45]. Á mið- og suðurtúninu voru fimm hús, eitt og tvö á hverjum stað: Gálgahús, Langhús, Réttarhús, Hvammshús og Reinargerðishesthús. Beitarhús voru á svokölluðum Stakkfellssporði. Undir Klausturbrekkunni, norðan við heimreiðina voru: Götuhesthús, og undir norðurvegg þar voru kvíarnar, Sveinshús, Hólhús, Stóra-hesthús og Folaldakofi. Heima við bæinn, áfast honum, voru hýstir reiðhestar sem hafir voru á járnum.

[45] Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988 Bls.183.


*Bærinn á Reynistað 1890-1935*

Öll hús voru meira og minna úr torfi og grjóti. Fjósið var norðan við heimreiðina, „en hún skildi á milli fjóss og bæjar“[46]. Stekkurinn á Reynistað var syðst og austast á grundinni við ána, þar sem félagsheimili Staðarhrepps, Melsgilið, stendur nú. Á nyrsta hluta Fjáreyrarinnar, meðfram ánni, var vakað yfir fjársafninu er það koma f fjalli, á hverju hausti, nóttina fyrir réttir. Bæjarsíkið var á aðra hönd og áin á hina.

Rjómabúshús var byggt við Staðará 1907, austan árinnar fyrir sunnan Reynistað í hvamminum á móti Votahvammi, sem svo heitir[47]. Strokkurinn og smjörbeltisborðið gengu fyrir vatnsafli. Nokkru síðar byggði Reynistaðarbóndinn stóra kornmyllu, sem gekk fyrir vatnsafli úr aðfærslustokk rjómabúsins[48].

**Náttúrufar og jarðabætur**

Reynistaður á í dag land að Holtsmúla, Ármúla og Geirmundarstöðum að sunnan, Miðdalsá á Staðarafrétt að vestan, Hafsteinsstöðum að norðan, vestan Staðarár, en Gýgjarhóli, Vík og Ögmundarstöðum austan árinnar, Héraðsvötnum að austan[49].

Staðará rennur í gegnum mitt ræktarland jarðarinnar og heitir Staðarmýri austan hennar að Héraðsvötnum, það voru áður víðáttumiklar mýrar en er nú framræstar að hluta og eru þar megin tún jarðarinnar.

[46] Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988 Bls. 184.
[47] HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997.
[48] Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988 Bls. 199
[49] *Byggðasaga Skagafjarðar*, II. bindi, 2001. Bls. 124.

Sjálft bæjarstæðið er nyrst í landinu vestan Staðarár. Vestan við núverandi íbúðarhús er hár melhóll sem kallast Bjarnhöttur og vestan og sunnan við hann aðrir stærri melhólar eða brekkur. Austurhlið þeirra heitir Klausturbrekka og markaðist heimatúnið af henni að vestan og Staðaránni að austan, túnið náði frá bæjarstæðinu í norðri langleiðina suður að Melsgili[50].

Sauðárkróksbraut liggur þvert í gegnum suðurhluta túnsins. Þá á Reynistaður land vestan Sæmundarhlíðarvegar milli Geirmundarstaða og Hafsteinsstaða. Það land er af margvíslegri gerð og skiptast á mýrar og melar. Einnig á Reynistaður mikið land vestan brúna sem notast sem afrétt[51].

Samkvæmt *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalín (frá 1713) var engin leiga borguð af jörðinni, þar sem ábúandi var jafnframt umboðsmaður klaustursins og sagt að svo hafi það verið frá tíð Jörundar biskups. Á fardögum 1708-9 voru hins vegar áætluð tvö hundruð í landskuld fyrir Reynistað, með þeim skilyrðum að Hryggir, Melur og önnur heimalönd væru „undir þeirri landskuld skilin so sem staðarins heimalönd því að sökum heimastaðarins kúgilda þúnga þoktist velnefndur lögmann [Benedicht Magnússon] ekki kunna fyrir hærri landskuld heimastaðinn í byggingu að taka“[52]. Upplýsingar um fjölda kúgilda vantar hjá Árna og Páli en fram kemur að áður hafi heimastaðnum fylgt 22 kýr, um 60 ær og 14 hross. „Var þetta kvikfje þá ekki á leigu, heldur til ábyrgðar alleina, því að staðurinn fékkst ekki bygður [svo], ef þessi kúgildi skyldu á leigu standa“[53]. Um hagi umboðsmanna klaustursins er harla lítið vitað en Páll ætlar að „ábúendur muni hafa heimaklaustrið leigulaust haft, ogso þann kvikfjenað, er því fylgdi, en þar á móti ábyrgst staðarins hús, og hans inventarium kvikt og dautt. Kvikfjenaður xii kýr, xx lömb, i hestur til eldis. Sje kvikfje fleira, þá er því vogað á fallvaltan útigang“[54].

Reynistaðaratún var víða mjög stórþýft, fyrir 1900. Um 1880 lét Eggert Briem gera allmikla flóðgarða á þurrasta hluta Reynistaðarengis, til að halda flóði á því á vorin, ásamt tilheyrandi aðfærsluskurði úr Staðará. Jósef J. Björnsson, síðar skólastjóri Hólaskóla mældi

[50] Sama heimild.

[51] Sama heimild.

[52] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 1930. Níunda bindi. Bls. 73.

[53] Sama heimild.

[54] Sama heimild.

fyrir þessu og stóð fyrir verkinu sem skipti sköpum um nýtingu engjanna til heyfengs. Mest var heyjað 2000 hestar um þetta leyti. Ekki voru samt sláttuvjelar komnar þá, en svo grasgefnar voru engjarnar, þar sem best var að „á flæðienginu jókst heyfengurinn mjög að magni og gæðum. Á Reynistað voru 20 nautgripir í fjósi, þar af aldrei færri en 12 kýr mjólkandi. Öll þessi mjólk fór til heimilisþarfa á ýmsan hátt, aðeins nokkuð af osti og smjöri var selt frá heimilinu og haft til að gjalda með kaupafólki. Á hverju sumri var fært frá 200 ám og þær mjólkaðar til rjetta (kvía). Harða veturinn 1880-81 voru um langan tíma 69 hross á gjöf. Aðrar skepnur voru 14 kýr mjólkandi, 2 naut, 2 kálfar og 560 fjár. Frosthörkur voru miklar þennan vetur og komst frostið 22. mars yfir 40 gráður“[55]. Flóðgarðarnir þurftu mikið viðhald, en á búskaparárum Sigurðar Jónsson 1887-1919 fjölgaði flæðigörðunum og mýrarnar voru ræstar fram hver af annarri[56].

Eggert Bríem er sagður einnig hafa hlaðið fyrir gamlan árfarveg um Fjáreyrina svokölluðu til að verja kirkju og kirkjugarð, en þar var fyrir mikill garður til fjárvörslu[57]. Langhúshóll[58] markaði suðurmörk túnsins þá. Suður af Kirkjubrekkunni var stórþýft tún sem hét Trafali.

Hjáleigur frá Reynistað voru margar hér áður fyrr. Fyrst er að telja Hryggi og Gvendarstaði í Staðarfjöllum, Mel og Geitagerði heima við tún og svo Hvammsbrekku. Auk þessa er vitað um búsetu á húsmannsbýlinu Reynigerði[59] í nokkur ár um 1870, hjáleigunni Hvammshúsum sem var í byggð með hléum fram til 1709 hvort tveggja í landi Reynistaðar. Einnig er hugsanlegt að fornbýli að nafni Höfn sé að finna í landi Klausturbrekku, en heimildir um það eru litlar og óljósar. Suður við merki Geirmundarstaða og Reynistaðar eru tóftir fornbýlis. Engar gamlar heimildir eru til um nafn þessa fornbýlis, en ábúendur Geirmundarstaða og Reynistaða kölluðu það Paradís. Sel var frá Reynistað vestur í Staðarfjöllum notað fram eftir 19. öld kallað Staðarsel og mun Eggert Bríem hafa síðastur bænda haft í seli í Staðarseli sem er við ármótin í Stakkfellinu. Þá var þar búseta og var búið þar með hléum frá því um 1780 til 1870[60]. Síðustu ábúendur á Staðarseli í Staðarfjöllum voru Guðmundur Guðmundsson og Rósamunda systir hans ásamt syni

[55] Elín Briem, 1940. Bls. 36, 45-48.
[56] Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988. Bls. 185
[57] HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997.
[58] Þar voru fjárhús a.m.k. fram á miðja 20. öld.
[59] HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997. Húsmannsbýlið Reynigerði var undir brekkunni vestan núverandi þjóðvegar, norðan við Staðarána.
[60] HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997.

hennar Daníel Árnasyni sem seinna bjó í Mikley[61]. Hjáleigurnar Geitagerði og Hryggir fylgdu Reynistað þegar Sigurður Jónsson keypti Reynistað 1887. Hryggir fóru í eyði 1914 og seldi hann þá upprekstrarfélagi Reynistaðarafréttar Hryggjarlönd. Árið 1916 var hjáleigan Melur byggð upp og leigð. Hún hafði verið í eyði frá 1784. Gamla Melstúnið var girt og ábúandi fékk part af engjunum til slægna[62].

*Stundin líður, starfið bíður. Gæti hver sín og Guð vor allra.* Þessi orð lét Jón Sigurðsson (1888-1972) á Reynistað falla er verið var að mála á skáp í stofunni, en sá skápur er einn af mörgum dýrgripum Reynistaðarmanna frá gamalli tíð[63]. Er gamli bærinn á Reynistað var rifinn 1936-1940, tók Jón til varðveislu gamla viði, sem enn voru nýtanlegir. Jón á Reynistað bar mikla virðingu fyrir menningararfi þjóðar sinnar og sýndi það í verki. Sívakandi áhugi hans á skagfirskri sögu, ættfræði, persónusögu og fornum fræðum, fór ekki framhjá neinum. Þrjár stofnanir í héraði má rekja til Jóns. Má þar fyrst telja Sögufélag Skagfirðinga. Stofnað árið 1937. Jón sat á þingi í 33 ár, frá 1919, fyrir Skagfirðinga og þar kom oft fram áhugi hans fyrir að varðveita menningararfinn. Hann flutti frumvarp til laga árið 1946 um byggðasöfn, forn mannvirki og héraðsskjalasöfn og urðu þau að lögum 1947. Á grundvelli þeirra laga voru Byggðasafn Skagfirðinga og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga stofnuð sama ár. Var Jón aðalhvatamaður að stofnun þeirra og fyrsti formaður byggðasafnsnefndar. Árið 1955 flutti Jón enn frumvarp til laga sem snerti menningararfinn, um skrásetningu Íslendinga til stuðnings mann- og ættfræðirannsóknum. Frumvarpið varð að lögum.



*Myndin er úr stofunni á Reynistað, en í henni er panill og spjöld sparistofunnar úr gamla bænum, en er hann var rifinn um miðja 20. öld var ákveðið að hirða stofuna og fleira, sem enn er varðveitt.*

[61] *Skagfirðingabók 3,* 1973. Bls. 114.

[62] Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988 Bls. 208.

[63] HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997. Stofuskápinn á Reynistað setti Eiríkur Eiríksson frá Djúpadal saman, en Ragnar Ásgeirsson málaði hann, allt nema postulana, og einnig lokrekkjurnar.

Jón gegndi margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir sveit sína. Hann var þingmaður 1919-1931, 1933-1937 og 1942-1959. Í stjórn Stéttasambands bænda frá stofnun 1945 til 1961, í framleiðsluráði landbúnaðarins 1947 - 1961 og í mörgum nefndum innanhéraðs og -sveitar.

Jörðin var gerð að ættaróðali 19. júní 1940 og var fyrsta ættaróðalið sem stofnað var til í Skagafirði samkvæmt lögum nr. 8 frá 1. febrúar 1936 og hugsanlega fyrsta ættaróðalið sem stofnað var til með þessum hætti á landinu öllu. Þáverandi ábúendur, Jón Sigurðsson alþingismaður og kona hans Sigrún Pálmadóttir lögðu jörðinni til fylgifé: 100 ær, 8 kýr og 14 hesta, bókasafn og ýmsa erfðagripi, auk hjáleignanna Geitagerðis og Mels. Jörðin var svo leyst úr óðalsböndum árið 1999 og henni skipt milli sona Sigurðar Jónssonar og Guðrúnar Steinsdóttur: Helgi Sigurðsson hlaut Reynistað og er bóndi þar. Jón Sigurðsson fékk Mel og rekur loðdýrabú (þar sem heitir Melur II), Steinn Sigurðsson á Hvammsbrekku og Reynisgerði, og hefur byggt íbúðarhús og heitir það Klausturbrekka (Melur I). Hallur Sigurðsson fékk Geitagerði og þar er búrekstur í leiguábúð[64].

Óvíst er hvenær stofnað var til hjáleigunnar Geitagerðis, en samkvæmt upplýsingum í Jarðabókinni frá 1709 segir að hún væri í byggð þá og hefði verið svo lengur en í eyði, um langan aldur.[65] Úttekt á Reynistaðarklausturseignum 25. sept. 1753[66] greinir frá því að kúgildin ættu að vera 129 og 4 ær. Um aldamótin 1900[67] var baðstofan í Geitagerði fjögurra stafgólfa löng, tíu stoðir undir lausholtum, þ.e. fimm hvoru megin og fimm sperrukjálkar í þaki. Byggð upp af bindingsverki með skarsúð. Þrír tveggjarúðu gluggar voru á baðstofunni. Búrið var sennilega tveggja stafgólfa og hurð á járnum fyrir. Eldhúsið var tveggja stafgólfa, sex stoðir undir þremur bitum, og þrjár kálfasperrur í þaki, með tveimur langböndum og þver reft yfir. Göngin sem tengdu þessi hús voru aðeins lengri en baðstofulengdin og fyrir dyrum var hurð á járnum á burstarþili sem á voru vindskeiðar á sperrum en inn eftir göngunum var mænitróða og þver reft á veggi.[68] Kofi var sunnan við bæjardyrnar, sem notaður var fyrir fjós yfir 2 kýr og 1 kálf. Hestahús yfir 6 hross var norðan við bæinn, þá notað fyrir heytoll, enda húsið hálf fallið. Einnig var heytóft norðan

---

64 Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, 2001. Bls. 124-125.

[65] *Jarðabók*, 1930. Bls. 74.

[66] HSk. Dómskjöl Staðarhrepps. Bls. 354.

[67] HSk. Úttekatbók í Staðarhreppi 1846-1935. 22. júní 1900.

[68] HSk. Úttekatbók í Staðarhreppi 1846-1935. Úttekt frá 13. júní 1898 er greinilegri en þessi og þar segir að innst í göngunum sé flat reft yfir.

við bæinn og skemma sunnan við hann og kofi þar sunnan við. Geitagerðiskvíarnar voru norðan við bæinn, nyrst á túninu og voru merkilegar að því leyti að þær voru mikið niðurgrafnar. Fjárhús yfir 48 kindur voru „upp á túni“ og heytóft við og allmikill 100 faðma langur vallargarður var í stöðugu viðhaldi. Árið 1916[69] er sagt að gaddavírsgirðin sé um túnið og kominn akfær vegur frá kauptúninu, en sömu byggingarnar eru enn. Túnið var þá talið 8 dagsláttur að stærð og gæfi 85 hesta af heyi í meðalári. Engi voru grasgefin, gáfu 100 hesta á ári og helmingur þeirra, vestan Staðarár, véltæk.

Búskapur á Hjáleigunni Hvammshúsum var stopul. Hún var búin að vera í eyði í fjögur ár 1709[70] og þar áður hafði verið búið þar um tveggja ára skeið eftir 8 ára auðn og sennilega af og til um langa hríð „en ekki fyrir 100 árum“[71] eins og þar stendur.

**Heimildaskrá**


Anna Sigurðardóttir, 1988: *Allt hafði annan róm áður í páfadóm. Nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu*. (Úr veröld kvenna 3.) Reykjavík, Kvennasögusafn Íslands.

*Annálar 1400-1800. Annales Islandici posteriorum sæculorum*, 1922-1927: (I-III. bindi). Reykjavík, Hið íslenzka bókmenntafélag. (Meðal annars Skarðsárannáll og Vatnsfjarðarannáll elzti).

*Annálar og nafnaskrá,* 1948: Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan Haukadalsútgáfan. (Konungsannáll og Lögmannsannáll).

*Byggðasaga Skagafjarðar*, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur, 2001. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki.

*Byskupa sögur, Skálholtsbyskupar*, 1948: (I. bindi). Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan, Haukadalsútgáfan.

*Byskupa sögur. Hólabyskupar*, 1953: (I. bindi). Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan, Haukadalsútgáfan.

*Byskupa sögur. Hólabyskupar*, 1953: (III. bindi). Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan Haukadalsútgáfan.

*DI - Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* 1893-1932. I.-XII. bindi. Kaupmannhöfn og Reykjavík.


---

[69] HSk. Úttekatbók í Staðarhreppi 1846-1935. 27. maí 1916.

[70] *Jarðabók,* 1930. Bls. 75.

[71] Sama heimild.

Elín Briem, 1940: „Helstu æfiatriði sýslumannshjónanna Eggerts Gunnlaugssonar Briem og Ingibjargar Eiríksdóttur”. *Lesbók Morgunblaðsins* Sunnudaginn 4. febrúar.

HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997.

HSk. Dómsskjöl Staðarhrepps.

HSk. Úttekabók í Staðarhreppi 1846-1935.

*Íslendinga sögur. Landssaga og landnám.* Fyrsta bindi, 1946. Reykjavík.

*Islandske annaler indtil 1578*, 1977. Udgivne for det norske historiske Kildeskriftfond ved Gustav Storm. Annales Reseniani. - Annales vetustissimi. - Henrik Höyers annaler. - Annales regii. - Skálholts-annaler. - Annalbrudstykke fra Skálholt. - Lögmanns-annáll. - Gottskalks annaler. - Flatöbogens annaler. - Oddveria annall. Christiania.

*Íslendingasögur og þættir*, 1986: (Síðara bindi, ritstjórar Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson, Örnólfur Thorsson). Reykjavík, Svart á hvítu. (Meðal annars Grænlendingasaga).

Janus Jónsson 1887: „Klaustrin á Íslandi“. *Skírnir, tímarit hins íslenska bókmenntafélags*, 61.árgangur. Reykjavík.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns,* 1930. Níunda bindi. Kaupmannahöfn.

Jón Espólín, Einar Bjarnason, 1976. *Saga frá Skagfirðingum 1685-1847*. Reykjavík.
Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988. *Ættir og óðal.* Frásagnir Jóns Sigurðssonar á Reynistað. Sauðárkróki.

Jón Steingrímsson, 1973. *Æfisagan og önnur rit*. Reykjavík.

Júlíana Gottskálksdóttir, 2005. „Byggingarsaga kirkjunnar.“ (131-137). *Kirkjur Íslands* 5. bindi. Reykjavík.

*Skagfirðingabók 3*, 1973. Akureyri.

*Sturlungasaga* 1948: (I.-II. bindi). Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan Haukadalsútgáfan.

ÞÍ. Jarðabók Reynistaðarklausturs, 1728. Þjóðskjalasafn Íslands.

Þór Hjaltalín, 2005. „Reynistaðarkirkja. Kirkjustaður.“ (131-137). *Kirkjur Íslands* 5. bindi. Reykjavík.

Skammstafanir í tilvísunum:
HSk. – Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.
DI - Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn.
ÞÍ – Þjóðskjalasafn Íslands.

# Fornleifaskrá



***Mynd 2, Reynistaður. Horft til vesturs heim að Reynistað. Ljósm. GSS.***

**Reynistaður 145992-63-2**

Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474186 N 573390
Ástand: Horfin (Byggt hefur verið aftur á gamla bæjarstæðinu)
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á Reynistað er nú ekkert sem bendir á tilvist klaustursins nema örnefnin Klausturhóll vestan við kirkjuna og heimreiðina og Klausturbrekka sem skýlir staðnum úr vestri. Engar rústir eru sjáanlegar af klausturhúsunum og verður að telja líklegast að þau hafi verið norðaustur af kirkjunni þar sem bærinn mun hafa verið um aldaraðir” (HP, 132). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er bærinn nyrst í túninu.

**Lýsing**

Gamli torfbærinn er horfinn af þeim stað þar sem hann stóð áður, nema bæjardyrahúsið sem nú stendur nokkrum metrum sunnar en bærinn var. Sléttað hefur verið úr rústunum norðaustan við kirkjuna og plantað þar trjám en nyrst stendur núverandi íbúðarhús á Reynistað. Steinhús byggt árið 1936. Árið 1999 voru bæjardyrnar (forstofa) gamla bæjarins flutt og gert við hana og standa þær nú um 25 m norðaustur af kirkjunni.

**Aðrar upplýsingar**

Í grein Johns Steinbergs og Douglas Bolenders „Rannsóknir á búsetuminjum í Skagafirði“ sem birtist í *Árbók hins Íslenzka fornleifafélags 2002-2003* eru birtar niðurstöður rannsókna þeirra á Reynistað og fleiri jörðum á Langholti. Þar segir m.a.: „Á Reynistað eru tveir bæjarhólar, og kann búseta að hafa hafist á þeim báðum fyrir 1000. Elsta búseta sem staðfest verður með vissu þar, einhvern einhvern tíma fyrir 1000, var á svokölluðum Langhúshól – lágum, ílöngum hól 300 m vestan [þetta mun eiga að vera sunnan] við stóra bæjarhólinn þar sem mestar búsetuminjar hafa fundist. Ekki er ljóst hvort báðir þessir staðir voru í byggð samtímis eða hvort byggð var færð frá Langhúshól og á stærri bæjarhólinn“. (JMS, 119) Í greininni kemur einnig fram að þvermál rústa og sorphauga á stærri

bæjarhólnum sé 10.000 $m^2$ og 2.025 $m^2$ á minni hólnum, Langhúshóli, og að elsta byggð á stóra bæjarhólnum sé í það minnsta frá því fyrir 1300 og e.t.v. fyrir 1104 og sé enn í byggð, meðan að elsta byggð á Langhúshóli sé frá því fyrir 1000 en ekki hafi verið búið þar eftir 1300. (Sjá „2. tafla: Stærðir býla og tímasetning byggð á gjóskulögum“ (JMS, 117). Í greininni koma einnig fram niðurstöður kolefnisgreiningar sem gerðar voru á Langhúshóli á tveimur sýnum. Annars vegar tré (Betula pubescens, sýni nr. Beta 167781, venjulegur $^{14}C$ aldur) og hins vegar brenndu tré (Betula pubescens, sýni nr. AA46687). Niðurstöðurnar voru að fyrra sýnið væri frá 766-999 e.Kr. (með 95,1% öryggi) og að seinna sýnið væri frá 772-899 e.Kr. (með 89,7% öryggi).

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir um gamla bæinn á Reynistað: „Gamli bærinn á Reynistað, sem rifinn var á árunum eftir 1935, var einn af stærstu bæjum norðanlands í sinni tíð og höfðu hlutar hans staðið mjög lengi. Til samanburðar má hafa torfbæinn í Glaumbæ í næsta nágrenni, en Reynistaðarbærinn var þó meiri að flatarmáli og miklu stærri hluti hans á tveimur hæðum” (HP, 133).

Bænum var svo lýst af Jóni Sigurðssyni alþingismanni: „Bærinn var mjög forn, elstu húsin voru talin byggð eftir brunann mikla 1758, er allur bærinn brann til kaldra kola. [...] Mikill hluti bæjarins var svo endurbyggður um og eftir 1840 af Einari Stefánssyni umboðsmanni á Reynistað, þar á meðal íbúðarhúsalengjan, sem var syðsta röð bæjarhúsanna. Nokkur hluti hennar var mjög endurbættur eftir 1872 af þáverandi ábúanda Reynistaðar, Eggert Briem sýslumanni. Í þessari húsalengju voru á stofuhæð þrjár allstórar stofur og tvö herbergi minni og gangar. Uppi var stór baðstofa undir súð með tveimur herbergjum, sínu í hvorum enda. Í baðstofunni og baðstofuhúsunum var hægt að koma fyrir 14 rúmum, 7 hvorumegin eða fyrir 28 manns, ef tveir sváfu í hverju rúmi eins og þá tíðkaðist, og var þó gott rúm á gólfinu milli rúmstæðanna. Austur af baðstofunni, yfir austurstofunni, var stofuloftið, stórt geymsluloft fyrir kornvöru og fleira. Var það ásamt austurstofunni og áföstu gestaherbergi, skilið frá hinum húsunum í suðurröðinni með torfvegg, sem náði upp úr. Varð því að ganga til þessara húsa eftir sérstökum, skuggalegum gangi innanvert við bæjardyrnar. Töldu sumir reimt þar frammi, sérstaklega hafði gangurinn og lokrekkjan í gestaherberginu á sér illt orð, og við bar, að næturgestir héldust þar ekki við einir næturlangt. Allar stofurnar voru vel málaðar svo og gestaherbergið, sem áður er getið, og vestur húsið á baðstofuloftinu. Næsta hús norðan við austurstofuna og stofuloftið voru bæjardyrnar, stórar og rúmgóðar, og yfir þeim geymsluloft, dyraloftið. Bæjardyrnar voru þiljaðar að mestu og afar rammlegar, sum borðin í loftinu tæplega álnarbreið og annað eftir því. Í bæjardyrunum var fastur setbekkur með suðurhliðinni og stór fiskasteinn til að berja á harðfisk. [...] Frá bæjardyrunum gengu afar löng göng meðfram endilangri syðstu húsalengjunni, sem áður er lýst, með dyrum á báðar hendur. Göngin enduðu í stærsta hlóðaeldhúsi sem ég hef séð. Var það vestasta húsið á bænum og sneri út og suður og öfugt við syðstu húsalengjuna og bæjardyrnar. Úr miðjum göngunum var gangur inn í stofurnar í vesturenda byggingarinnar og stigi upp á baðstofuloftið yfir þeim. Norðan við göngin var mikil húsaþyrping. Þar voru fimm [rétt 3] búr og tveir skálar. Í skálana var gengið úr bæjardyrunum. Loft var í öðrum skálanum og yfir bæjardyrunum, sem áður er getið. Nyrsta húsið og áfast bænum var allstór skemma með stafnþili fram á hlaðið. Vestur af skemmunni og áfast bænum var allvæn heytóft og vestur af henni hesthús [...] og hestarétt áföst því norðan við eldhússtafninn. Öll voru þessi hús undir torfþökum” (HP, 133-134).

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Túnakort Reynistaðar. Gert af Guðmundi Sveinssyni (1917). Þjóðskjalasafn Íslands.

J.M. Steinberg og D.J. Bolender, „Rannsóknir a búsetuminjum í Skagafirði,“ *Árbók hins Íslenzka fornleifafélags 2002-2003*: 107-130.

Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988. *Ættir og óðal.* Frásagnir Jóns Sigurðssonar á Reynistað. Sauðárkróki.

**Reynistaður 145992-63-3**

Hlutverk: Kirkja
Tegund: Kirkja
Staðsetning: A 474142 N 573315

**Staðhættir**

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er kirkjugarður um 20 metra suðvestur af bænum og sunnan hans kirkja.
Í örnefnalýsingu Margeirs Jónssonar segir: „Sunnan við götuna [þarna er átt við heimreiðina] nokkra faðma frá henni er kirkjugarðurinn og kirkjan rétt sunnan við hann" (ÖMJ, 2).

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Aðrar byggingar: Kirkja, byggð 1868 úr timbri og járni, 55,7 $m^2$ . Hún var endurbætt mikið á árunum 1991-1995" (HP, 125) og síðar segir: „Árið 1295, þegar þar var stofnsett nunnuklaustur, var heimaland hálft sagt eign kirkjunnar, en hinn helming lagði Hólabiskup til klaustrinu ásamt öðrum jarðeignum" (HP, 125). Enn segir: „Jarðgöng. Í síkisbakkanum austan við kirkjuna er lítið skarð sem er eftir inngang í jarðhúsi. Á árunum milli 1920 og 1930 minnist ábúandi [Sigurður Jónsson] þar hurðarflaks fyrir dyrum og lágu göng inn til vestur en beygðu síðan til norðurs. Nokkrar líkur eru á að þetta hafi verið minjar um forn jarðgöng frá kirkjunni sem stóð austar en núverandi kirkja. En e.t.v. hefur þarna einungis verið grænmetis-geymsla frá tímum Eggerts Briem" (HP, 133).



***Mynd 3, Reynistaður. Kirkjan á Reynistað. Ljósm. GSS.***

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar. Örnefnastofnun Íslands.
Túnakort Reynistaðar. Gert af Guðmundi Sveinssyni (1917). Þjóðskjalasafn Íslands.

**Reynistaður 145992-63-4**

Hlutverk: Kirkjugarður
Tegund: Kirkjugarður
Staðsetning: A 474138 N 573336

**Staðhættir**

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er kirkjugarður um 20 metra suðvestur af bænum og sunnan hans kirkja.
Í örnefnalýsingu Margeirs Jónssonar segir: „Sunnan við götuna [þarna er átt við heimreiðina] nokkra faðma frá henni er kirkjugarðurinn og kirkjan rétt sunnan við hann” (ÖMJ, 2).

**Aðrar upplýsingar**

Um kirkjugarðinn segir í Byggðasögu Skagafjarðar: „Húsið [átt er við gamla bæinn sem var að hluta endurbyggður árið 2000 og stendur norðaustan við kirkjugarðinn] stendur nú sunnan við gamla bæjarstæðið. Er grafið var fyrir undirstöðum veggja komu upp mannabein og hauskúpur enda náði kirkjugarðurinn fyrrum talsvert lengra til austurs en nú er” (HP, 134).

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Túnakort Reynistaðar. Gert af Guðmundi Sveinssyni (1917). Þjóðskjalasafn Íslands.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-5**

Hlutverk: Klaustur
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**

Ekki er vitað með vissu hvar klaustrið hefur staðið, en vestan við heimreiðina, suðvestur af kirkjunni, er hóll sem heitir Klausturhóll og á honum nokkrar tóftir og garðbrot. Hugsanlegt er að þarna hafi klaustrið staðið þótt ekki sé hægt að fullyrða um það án frekari rannsókna. Annar möguleiki er að það hafi verið í eða fast við bæinn, en Sigurður Jónsson segir þetta um klaustrið: „Ég held að klaustrið hafi alltaf verið saman við bæinn, því að abbadísin stjórnaði búinu og hér var enginn sérstakur bóndi. Þó kemur einhvers staðar fram að abbadísin leigi út part af húsinu, austurhlutann af bæjarbyggingunni” (SJ, 2).

**Lýsing**

Klausturhóll er við suðaustur hornið á íbúðarhúsinu á Klausturbrekku suðvestan við kirkjuna. Þvermál hólsins er um 35m. Hóllinn er brattastur og hæstur um 4-5m til sa en land er hærra til vesturs og norðurs svo þar er hann ekki nema um 1-1,5m hærri en umhverfið. Nyrst í hólnum eru tóftarlegar dældir, báðar um 3x3m, upp á aflangri upphækkun sem liggur na/sv um 17m löng og 9m breið. Syðst úr þessari upphækkun virðist hafa verið voldugur garður sem liggur um 13m til sa og fylgir svo hólbrúninni í boga um 17m til na. Hóllinn er allur grasi gróinn og stærstur hluti hans hefur verið sleginn með vél, sem sneitt hefur af hugsanlegu garðlagi að suðvestan.
Af gamla bænum sem stóð norðaustan við kirkjuna sjást engar leifar (sjá Reynistaður 145992-63-2).

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á Reynistað er nú ekkert sem bendir á tilvist klaustursins nema örnefnin Klausturhóll vestan við kirkjuna og heimreiðina og Klausturbrekka sem skýlir staðnum úr vestri. Engar rústir eru sjáanlegar af klausturhúsunum og verður að telja líklegast að þau hafi verið norðaustur af kirkjunni þar sem bærinn mun hafa verið um aldaraðir. Á klausturhól eru reyndar greinilegar minjar.

Hann er brattur að sunnan og um hann sporöskjulaga hringur en nú er norðurhlutinn horfinn. Innan hringsins að norðvestan eru þústir eins og eftir hús. Grjóthleðsla er í þessum hring og líkist engu fremur en verið hafi virki. Má líklegt telja að Gissur jarl hafi látið gera virki á Reynistað,minnugur reynslu sinnar á Flugumýri, þótt engar heimildir greini um slíkt" (HP, 132).

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997

**Reynistaður 145992-63-6**

Hlutverk: Þingstaður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Ekki er vitað hvar þinghald hefur farið fram á Reynistað og engin örnefni til leiðbeiningar né aðrar heimildir.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Ósannað er hvort það eru dysjar þessara fyrrgreindu manna eða annarra sakamanna, sem vafalaust hafa oftar verið teknir af lífi á þingstaðnum" (HP, 135).

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-7**

Hlutverk: Heimreið
Tegund: Vegur
Staðsetning: A 473986 N 573386
Ástand: Gott

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Vestan við öll þessi hús er afar hár hóll, sem heitir Bjarnhöttur, og eru tilmunnmæli um hólinn. Vestan við Bjarnhött er lágur hólbali, nefndur Hesthúshóll, og er hesthús á þessum hávaða. Er þetta norðanmegin við tröðina (heimreiðargötuna)" (ÖMJ, 2).

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 liggur heimreiðin til vesturs frá bænum.

**Lýsing**

Heimreiðin er enn greinanleg í sjálfri Klausturbrekkunni þar sem hún liggur beint í vestur upp í svolítið skarð efst í brekkubrúninni og sveigir svo ögn til suðvesturs. Yngri vegur liggur nú yfir gömlu heimreiðinni frá íbúðarhúsinu vestur að Bjarnhetti. Ekkert sér eftir af Hesthúshóli sem var samkvæmt örnefnaskrá Margeirs Jónssonar norðan við heimreiðina milli Bjarnhattar og Klausturbrekku, þarna er nú eins konar véla- og bílakirkjugarður og búið að ýta öllu út. Nyrst undir Klausturbrekkunni er hins vegar steyptur húsgrunnur sem er að hverfa undir járnarusl og gróður.

**Heimildaskrá**

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort Reynistaðar. Gert af Guðmundi Sveinssyni (1917). Þjóðskjalasafn Íslands.

**Reynistaður 145992-63-8**

Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Matjurtagarður
Staðsetning: A 474101 N 573397
Ástand: Horfinn

**Staðhættir**
Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er sýndur matjurtagarður norðan við heimreiðina, að því er virðist í suðaustur hluta hólsins Bjarnhattar, eða rétt neðan brekkunnar.
**Lýsing**
Engar leifar þessa garðs fundust á vettvangi.
**Heimild**
Túnakort Reynistaðar. Gert af Guðmundi Sveinssyni (1917). Þjóðskjalasafn Íslands.

**Reynistaður 145992-63-9**

Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Matjurtagarður
Staðsetning: A 474163 N 573366
Ástand: Horfinn

**Staðhættir**
Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er sýndur matjurtagarður sunnan við peningshús sem sýnd eru fast sunnan við heimreiðina, beint vestur af gamla bænum. Þetta er að því er virðist fast upp við norðaustur horn núverandi kirkjugarðs
**Lýsing**
Þarna er nú þéttur trjálundur og engar leifar matjurtagarðsins sýnilegar.
**Heimild**
Túnakort Reynistaðar. Gert af Guðmundi Sveinssyni (1917). Þjóðskjalasafn Íslands.

**Reynistaður 145992-63-10**

Hlutverk: Skrúðgarður
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474165 N 573348
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er trjáreitur (skrúðgarður) austan við kirkjugarðinn.
**Heimildaskrá**
Túnakort Reynistaðar. Gert af Guðmundi Sveinssyni (1917). Þjóðskjalasafn Íslands.

**Reynistaður 145992-63-11**

Hlutverk: Leið
Tegund: Vegur

Staðsetning: A 473886 N 573396
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá Reynistaðar segir: „Brött og há melbrekka er vestan við túnið, ofan við Bjarnhött, sem heitir Klausturbrekka. Þar lá gamli vegurinn heim að klaustrinu.” (ÖMJR, 2). Sigurður Jónsson segir: „Klausturbrekka heitir öll brekkan vestan við bæinn utan frá brúninni suður af Staðaránni og suður að Klauf, þar sem vegurinn liggur nú í gegnum. Gamli vegurinn lá hér upp yfirmelana og neðan við Geitagerði og upp fyrir Hafsteinsstaði” (SJ, 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Klausturbrekka heitir öll brekkan vestan við bæinn utan frá brúninni suður af Staðará og suður að Klauf þar sem vegurinn liggur nú gegnum. Gamli vegurinn lá upp yfir melana og neðan við Geitagerði yfir Byrgislæk á Lestavaði og út fyrir vestan Hafssteinsstaði” (HP, 132).
**Lýsing**
Þar sem gamla heimreiðin endar efst á brún Klausturbrekku, beint vestur af núverandi íbúðarhúsi, tekur umræddur vegur við. Hann er fremur óljós þar sem hann liggur í nokkrum greinum í vestur sunnan við réttina (Reynistaður 145992-63-26). Hugsanlega hefur vegurinn færst til í tímans rás og legið á fleiri en einum stað, en seinni tíma umferð búfjár gæti einnig hafamyndað eitthvað af þessum götum. Götur liggja bæði sunnan viðmelana og yfir þá, stærstu göturnar virðast þó fylgja suðurbrúnmelanna og fara suður fyrir fjárbyrgið við Þrímela (Reynistaður 145992-64-8) og þaðan á ská í norðvestur þar til vegurinn verður aftur skýr í Byrgisgili um 60m áður en komið er að svo kölluðu Lestavaði (Reynistaður 145992-63-25).
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar. Örnefnastofnun Íslands.
HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997

**Reynistaður 145992-63-12**
Hlutverk: Leið
Tegund: Akvegur
Staðsetning: A 470110 N 573215
Ástand: Gott

**Staðhættir**
Í Örnefnaskrá Reynistaðar segir: „Brött og há melbrekka er vestan við túnið, ofan við Bjarnhött, sem heitir Klausturbrekka. Þar lá gamli vegurinn heim að klaustrinu. Jón bóndi Sigurðsson gerði fyrir fáum árum bílfæran veg austan og sunnan í melnum af aðalbrautinni og norður í gömlu tröðina gegnum túnið” (ÖMJR, 2).
**Lýsing**
Vegurinn er enn mjög greinilegur þar sem hann liggur eftir Klausturbrekku endilangri frá gömlu heimreiðinni, til suðurs vestan við útihúsin á Reynistað og upp fyrir íbúðarhúsið á Mel (Klausturbrekku) og allt suður í Klauf. Vegurinn er um 2-2,5m á breidd 375m langur og hækkar ögn upp eftir brekkunni til suðurs. Hann hverfur alveg í klaufinni sjálfri en þar hefur að líkindum verið tekið efni við lagningu Sauðárkróksbrautar (núverandi þjóðvegar sem liggur í gegnum Klaufina frá austri til vesturs).

**Heimildaskrá**
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-13**
Sérheiti: Kálfskinnshóll
Hlutverk: Skinnaiðnaður
Staðsetning: A 474186 N 573405
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Stendur það [íbúðarhús sem reist var 1936] lítið eitt norðar en gamli bærinn var, og heitir þar Kálfskinnshóll, þar sem húsið stendur eða rétt norðan við það. Munu kálfskinn hafa verið spýtt og hert á hólnum í fyrri daga" (ÖMJ, 2).
**Heimildaskrá**
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-14**
Hlutverk: Fjós
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474132 N 573395
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Í röð vestur frá íbúðarhúsinu standa ýmis hús, heyhlaða, fjós og geymsluhús, þau síðasttöldu reist úr sumum húsum gamla bæjarins" (ÖMJ, 2).
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-15**
Hlutverk: Geymsla
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474132 N 573395
Ástand: Horfin

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Í röð vestur frá íbúðarhúsinu standa ýmis hús, heyhlaða, fjós og geymsluhús, þau síðasttöldu reist úr sumum húsum gamla bæjarins" (ÖMJ, 2).
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar. Örnefnastofnun Íslands.



***Mynd 4, Reynistaður. Horft til norðausturs yfir Klausturhól, neðarlega fyrir miðri mynd. Ljósm. GSS.***

**Reynistaður 145992-63-16**

Sérheiti: Klausturhóll
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóftir
Staðsetning: A 474132 N 573395
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**

Tóftir á Klausturhóli. Klausturhóll er í suð-vestur frá kirkjunni, vestan við heimreiðina, nánar til tekið við suðaustur hornið á íbúðarhúsinu á Mel (Klausturbrekku).

**Lýsing**

Þvermál Klausturhóls er um 35m. Hóllinn er brattastur og hæstur um 4-5m til sa en land er hærra til vesturs og norðurs svo þar er hann ekki nema um 1-1,5m hærri en umhverfið. Nyrst í hólnum eru tóftarlegar dældir, báðar um 3x3m, upp á aflangri upphækkun sem liggur na/sv um 17m löng og 9m breið. Syðst úr þessari upphækkun virðist hafa verið voldugur garður sem liggur um 13m til sa og fylgir svo hólbrúninni í boga um 17m til na. Hóllinn er allur grasi gróinn og stærstur hluti hans hefur verið sleginn með vél, sem sneitt hefur af hugsanlegu garðlagi að suðvestan.

**Aðrar upplýsingar**

Í áfangaskýrslu SASS (Skagafjöður Archaeological Settlement Survey) fyrir árið 2001 segir að þarna sé að finna mannvistarleifar hugsanlega frá því fyrir 1104, en uppistaðan sé frá því eftir 1104 og auk þess töluvert frá því eftir 1766. (SASS01, 44)

**Heimildaskrá**

Interim Report of the Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. 2001 Submitted by John Steinberg.

**Reynistaður 145992-63-17**

Sérheiti: Klausturhóll
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag/vegghleðsla
Staðsetning: A 474061 N 57323
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð




**Staðhættir**

Garður á Klausturhóli. Klausturhóll er í suð-vestur frá kirkjunni, vestan við heimreiðina, nánar til tekið við suðaustur hornið á íbúðarhúsinu á Mel (Klausturbrekku).

***Teikning 1, Reynistaður. Úr áfangaskýrslu SASS fyrir árið 2001(bls. 45) uppmæling á Klausturhóli.***

**Lýsing**

Þvermál Klausturhóls er um 35m. Hóllinn er brattastur og hæstur um 4-5m til sa en land er hærra til vesturs og norðurs svo þar er hann ekki nema um 1-1,5m hærri en umhverfið. Nyrst í hólnum eru tóftarlegar dældir, báðar um 3x3m, upp á aflangri upphækkun sem liggur na/sv um 17m löng og 9m breið. Syðst úr þessari upphækkun virðist hafa verið voldugur garður sem liggur um 13m til sa og fylgir svo hólbrúninni í boga um 17m til na. Hóllinn er allur grasi gróinn og stærstur hluti hans hefur verið sleginn með vél, sem sneitt hefur af hugsanlegu garðlagi að suðvestan.

**Aðrar upplýsingar**

Nafnið Klaustursholl bendir til að þarna hafi klaustrið sjálft ef til vill staðið, þó er ekki hægt að fullyrða um það án frekari rannsókna. Í Byggðasögu Skagafjarðar leiðir Hjalti Pálsson reyndar getum að því að hugsanlega sé þetta gamalt virki, en engar heimildir geta þó um slíkt. „Á Klausturhól eru [...] greinilegar minjar. Hann er brattur að sunnan og um hann sporöskjulaga hringur en nú er norðurhlutinn horfinn. Innan hringsins að norðvestan eru þústir eins og eftir hús. Grjóthleðsla er í þessum hring og líkist engu fremur en verið hafi virki. Má líklegt telja að Gissur jarl hafi látið gera virki á Reynistað,minnugur reynslu sinnar á Flugumýri, þótt engar heimildir greini um slíkt” (HP, 132).

Í áfangaskýrslu SASS (Skagafjöður Archaeological Settlement Survey) fyrir árið 2001 segir að þarna sé að finna mannvistar leifar hugsanlega frá því fyrir 1104, en uppistaðan sé frá því eftir 1104 og auk þess töluvert frá því eftir 1766. (SASS01, 44)

**Heimildaskrá**


*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

*Interim Report of the Skagafjörður Archaeological Settlement Survey.* 2001 Submitted by John Steinberg.




***Mynd 5, Reynistaður. Kambur fundinn í könnunarskurði SASS í sunnanverðum Klausturshóli sumarið 2001. Mynd fengin úr áfangaskýrslu SASS 2001 (bls. 77).***

**Reynistaður 145992-63-18**

Sérheiti: Bjarnhöttur
Hlutverk: Sögustaður/Álagablettur
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474061 N 573234
Ástand: Ágætt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**
Í viðtali við Sigurð Jónsson segir hann um Bjarnhött: „hóllinn í útvestur frá bænum“ (SJ, 1)
**Lýsing**
Hóllinn er allur grasi vaxinn, nokkuð óreglulegur í lögun með nær beina hlið til norðurs. Eftir norðurbrúninni mótar fyrir garðlagi um 1m breiðu og 15-30sm háu. Gröf eða tóft er ofarlega að vestanverðu í hólnum og liggur vsv/ana. Hún er 11x2m að innanmáli, veggir út flattir 2-3m að breidd og eru 40-50sm háir engin hlið eða dyr eru sýnilegar. Efst uppá hólnum austan við gröfina er stæði undan taðhlaða um 2m að þvermáli niðurgrafið með um 10sm háum brúnum.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vestan við bæinn er voldugur hóll og heitir Bjarnhöttur. Af Bjarnhetti er mikið og fallegt útsýni norður til hafsins. Munnmæli segja að í honum sé grafið skip, eða e.t.v. bara kista með gulli og gersemum. Vestan í háhólnum er aflöng lægð, allt að 12metrar á lengd (65°39´452/19°33´821)” (HP, 132). Í örnefnaskrá Sigurðar

Jónssonar segir um Bjarnhött: „Bjarnhöttur er hóllinn í útvestur frá bænum. Það er álagablettur, sá eini hér á Reynistað. Það má ekki grafa í hann, en ekkert um að ekki megi



**yfir hólinn „Bjarnhött" og íbúðarhús byggt 1936 þar bak við hvítt með rauðu þaki. Ljósm. GSS**

slá hann. Um þetta er til þjóðsaga. En hóllinn er tómur sandur. Gryfjan í hólinn er allt að 12m löng frá vestri til austurs (Staðan í gryfjunni er 65.39.452/19.33.821). Tað var þurrkað á hólnum og uppi á toppi hólsins sést stæði undan taðhlaða." (SJ, 1)

**Heimildaskrá**


*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997


## Reynistaður 145992-63-19

Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: A 474061 N 573234
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**

Á hólnum Bjarnhetti, vestur af íbúðarhúsinu á Reynistað, er jarðsokkið og slitrótt garðlag sem liggur uppá norðurbrún hólsins frá austri til vesturs.

**Aðrar upplýsingar**

Í Jarðabók frá 1728 segir frá hjáleigunni Geitagerði og er þar minnst á túngarð í Reynistaðarlandi: „Og skuli klausturhaldarinn vera efnaður maður af kvikfénaði,má hann ei þetta heimaland byggja sem liggur rétt við túngarðinn af heimaklaustrinu, og stendur mitt í þess beitarlandi, sérdeilis á vordag" (HP, 146).

Af þessum litlu heimildum er ekki hægt að segja með vissu hvaða garð er um að ræða, en hugsanlega er garðlagið á Bjarnhetti hluti af þessum garði. Fleira kemur til greina, s.s. garðlag á Klausturhóli (sjá

Reynistaður 145992-63-17) og garður austan við túnin sunnan við kirkjuna (sjá Reynistaður 145992-63-58).

**Heimildaskrá**

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-20**

Sérheiti: Bjarnhöttur
Hlutverk: Taðhlaði
Staðsetning: A 474074 N 573427
Tegund: Tóft
Ástand: Ágætt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Sigurðar Jónssonar segir um Bjarnhött: „Bjarnhöttur er hóllinn í útvestur frá bænum“,

**Lýsing**

Á hæsta punkti hólsins er svolítil hringlaga lægð,með greinilegum köntum, líklega leifar taðhlaða. Þvermál er 2m, hæð kants um 10 sm.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vestan við bæinn er voldugur hóll og heitir Bjarnhöttur. Af Bjarnhetti er mikið og fallegt útsýni norður til hafsins. Munnmæli segja að í honum sé grafið skip, eða e.t.v. bara kista með gulli og gersemum. Vestan í háhólnum er aflöng lægð, allt að 12metrar á lengd (65°39´452/19°33´821)” (HP, 132). Í örnefnaskrá Sigurðar Jónssonar segir um Bjarnhött: „Bjarnhöttur er hóllinn í útvestur frá bænum. Það er álagablettur, sá eini hér á Reynistað. Það má ekki grafa í hann, en ekkert um að ekki megi slá hann. Um þetta er til þjóðsaga. En hóllinn er tómur sandur. Gryfjan í hólinn er allt að 12metra löng frá vestri til austurs (Staðan í gryfjunni er 65.39.452/19.33.821). Tað var þurrkað á hólnum og uppi á toppi hólsins sést stæði undan taðhlaða.” (SJ, 1)

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997
Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988. *Ættir og óðal.* Frásagnir Jóns Sigurðssonar á Reynistað. Sauðárkróki.

**Reynistaður 145992-63-21**

Sérheiti: Götuhesthús
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474016 N 573441
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Vestan við öll þessi hús er afar hár hóll, sem heitir Bjarnhöttur, og eru til munnmæli um hólinn. Vestan við Bjarnhött er lágur hólbali, nefndur Hesthúshóll, og er hesthús á þessum hávaða. Er þetta norðanmegin við tröðina (heimreiðargötuna)" (ÖMJ, 2).

**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt frásögn Jóns Sigurðssonar frá Reynistað í *Ættir og óðul* voru fimm hús á mið- og suðurtúninu, eitt og tvö á hverjum stað: Gálgahús, Langhús, Réttarhús, Hvammshús og Einigerðishesthús. Undir Klausturbrekkunni, norðan við heimreiðina voru: Götuhesthús, og undir norðurvegg þar voru kvíarnar, Sveinshús, Hólhús, Stórahesthús og Folaldakofi. Öll þessi hús voru meira og minna úr torfi og grjóti. (JS, 184)

**Lýsing**
Þarna er nú eins konar véla- og bílakirkjugarður, búið að ýta öllu út og enginn hóll sýnilegur. Hinsvegar er þarna steyptur húsgrunnur nyrst undir Klausturbrekkunni að hverfa undir járnarusl og gróður.

**Heimildaskrá**
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.
Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988. *Ættir og óðal.* Frásagnir Jóns Sigurðssonar á Reynistað. Sauðárkróki.

**Reynistaður 145992-63-133**
Hlutverk: Kvíar
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474016 N 573441
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Vestan við öll þessi hús er afar hár hóll, sem heitir Bjarnhöttur, og eru til munnmæli um hólinn. Vestan við Bjarnhött er lágur hólbali, nefndur Hesthúshóll, og er hesthús á þessum hávaða. Er þetta norðanmegin við tröðina (heimreiðargötuna)" (ÖMJ, 2).

**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt frásögn Jóns Sigurðssonar frá Reynistað í *Ættir og óðul* voru fimm hús á mið- og suðurtúninu, eitt og tvö á hverjum stað: Gálgahús, Langhús, Réttarhús, Hvammshús og Einigerðishesthús. Undir Klausturbrekkunni, norðan við heimreiðina voru: Götuhesthús, og undir norðurvegg þar voru kvíarnar, Sveinshús, Hólhús, Stórahesthús og Folaldakofi. Öll þessi hús voru meira og minna úr torfi og grjóti. (JS, 184)

**Lýsing**
Þarna er nú eins konar véla- og bílakirkjugarður, búið að ýta öllu út og enginn hóll sýnilegur. Hinsvegar er þarna steyptur húsgrunnur nyrst undir Klausturbrekkunni að hverfa undir járnarusl og gróður.

**Heimildaskrá**
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.
Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988. *Ættir og óðal.* Frásagnir Jóns Sigurðssonar á Reynistað. Sauðárkróki.

**Reynistaður 145992-63-134**
Sérheiti: Sveinshús

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474016 N 573441
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Vestan við öll þessi hús er afar hár hóll, sem heitir Bjarnhöttur, og eru tilmunnmæli um hólinn. Vestan við Bjarnhött er lágur hólbali, nefndur Hesthúshóll, og er hesthús á þessum hávaða. Er þetta norðanmegin við tröðina (heimreiðargötuna)" (ÖMJ, 2).
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt frásögn Jóns Sigurðssonar frá Reynistað í *Ættir og óðul* voru fimm hús ámið- og suðurtúninu, eitt og tvö á hverjum stað: Gálgahús, Langhús, Réttarhús, Hvammshús og Reinigerðishesthús. Undir Klausturbrekkunni, norðan við heimreiðina voru: Götuhesthús, og undir norðurvegg þar voru kvíarnar, Sveinshús, Hólhús, Stórahesthús og Folaldakofi. Öll þessi hús voru meira og minna úr torfi og grjóti. (JS, 184)
**Lýsing**
Þarna er nú eins konar véla- og bílakirkjugarður, búið að ýta öllu út og enginn hóll sýnilegur. Hinsvegar er þarna steyptur húsgrunnur nyrst undir Klausturbrekkunni að hverfa undir járnarusl og gróður.
**Heimildaskrá**
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.
Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988. *Ættir og óðal.* Frásagnir Jóns Sigurðssonar á Reynistað. Sauðárkróki.

**Reynistaður 145992-63-135**
Sérheiti: Hólhús
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474016 N 573441
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Vestan við öll þessi hús er afar hár hóll, sem heitir Bjarnhöttur, og eru tilmunnmæli um hólinn. Vestan við Bjarnhött er lágur hólbali, nefndur Hesthúshóll, og er hesthús á þessum hávaða. Er þetta norðanmegin við tröðina (heimreiðargötuna)" (ÖMJ, 2).
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt frásögn Jóns Sigurðssonar frá Reynistað í *Ættir og óðul* voru fimm hús ámið- og suðurtúninu, eitt og tvö á hverjum stað: Gálgahús, Langhús, Réttarhús, Hvammshús og Reinigerðishesthús. Undir Klausturbrekkunni, norðan við heimreiðina voru: Götuhesthús, og undir norðurvegg þar voru kvíarnar, Sveinshús, Hólhús, Stórahesthús og Folaldakofi. Öll þessi hús voru meira og minna úr torfi og grjóti. (JS, 184)
**Lýsing**
Þarna er nú eins konar véla- og bílakirkjugarður, búið að ýta öllu út og enginn hóll sýnilegur. Hinsvegar er þarna steyptur húsgrunnur nyrst undir Klausturbrekkunni að hverfa undir járnarusl og gróður.
**Heimildaskrá**
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988. *Ættir og óðal.* Frásagnir Jóns Sigurðssonar á Reynistað. Sauðárkróki.

**Reynistaður 145992-63-136**
Sérheiti: Stóra-Hesthús
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474016 N 573441
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Vestan við öll þessi hús er afar hár hóll, sem heitir Bjarnhöttur, og eru tilmunnmæli um hólinn. Vestan við Bjarnhött er lágur hólbali, nefndur Hesthúshóll, og er hesthús á þessum hávaða. Er þetta norðanmegin við tröðina (heimreiðargötuna)" (ÖMJ, 2).
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt frásögn Jóns Sigurðssonar frá Reynistað í *Ættir og óðul* voru fimm hús ámið- og suðurtúninu, eitt og tvö á hverjum stað: Gálgahús, Langhús, Réttarhús, Hvammshús og Reinigerðishesthús. Undir Klausturbrekkunni, norðan við heimreiðina voru: Götuhesthús, og undir norðurvegg þar voru kvíarnar, Sveinshús, Hólhús, Stórahesthús og Folaldakofi. Öll þessi hús voru meira og minna úr torfi og grjóti. (JS, 184)
**Lýsing**
Þarna er nú eins konar véla- og bílakirkjugarður, búið að ýta öllu út og enginn hóll sýnilegur. Hinsvegar er þarna steyptur húsgrunnur nyrst undir Klausturbrekkunni að hverfa undir járnarusl og gróður.
**Heimildaskrá**
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.
Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988. *Ættir og óðal.* Frásagnir Jóns Sigurðssonar á Reynistað. Sauðárkróki.

**Reynistaður 145992-63-137**
Sérheiti: Folaldakofi
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474016 N 573441
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Vestan við öll þessi hús er afar hár hóll, sem heitir Bjarnhöttur, og eru tilmunnmæli um hólinn. Vestan við Bjarnhött er lágur hólbali, nefndur Hesthúshóll, og er hesthús á þessum hávaða. Er þetta norðanmegin við tröðina (heimreiðargötuna)" (ÖMJ, 2).
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt frásögn Jóns Sigurðssonar frá Reynistað í *Ættir og óðul* voru fimm hús ámið- og suðurtúninu, eitt og tvö á hverjum stað: Gálgahús, Langhús, Réttarhús, Hvammshús og Reinigerðishesthús. Undir Klausturbrekkunni, norðan við heimreiðina voru: Götuhesthús, og undir norðurvegg þar voru kvíarnar, Sveinshús, Hólhús, Stórahesthús og Folaldakofi. Öll þessi hús voru meira og minna úr torfi og grjóti. (JS, 184)

**Lýsing**
Þarna er nú eins konar véla- og bílaleifagarður, búið að ýta öllu út og enginn hóll sýnilegur. Hinsvegar er þarna steyptur húsgrunnur nyrst undir Klausturbrekkunni að hverfa undir járnarusl og gróður.

**Heimildaskrá**
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.
Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988. *Ættir og óðal.* Frásagnir Jóns Sigurðssonar á Reynistað. Sauðárkróki.



*Teikning 2, Reynistaður. Úr áfangaskýrslu SASS fyrir árið 2001(bls. 49), uppmæling á Gálghúshóli.*

**Reynistaður 145992-63-20**
Sérheiti: Gálghúshóll
Hlutverk: Aftökustaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474067 N 573087
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**
Skammt austan við núverandi heimreið er lítill hóll í túninu um 230 til ssv frá kirkjunni, hann kallast Gálgahóll.

**Lýsing**
Hóllinn er ögn óreglulegur um 20m langur, 17m breiður og um 1,5m hár, með sléttum fleti efst um 5m í þvermál.

**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gálghúshóll (65°39´276/19°33´811). Lítill hóll er í túninu skammt austan við veginn heim að Reynistað. Hann heitir Gálghúshóll. Þar stóðu fjárhús nokkuð fram á 20. öld og voru kölluð Gálghús. Munnmæli segja að 1453 hafi þar verið hengdir 17 útilegumenn, sem höfðust við í helli í Þjófagili vestan í Staðaröxlinni, en voru fangaðir" (HP, 132).
Í Árbók Fornleifafélagsins frá 1941-42 segir í frásögn Margeirs Jónssonar: „Gálgagarður var suður á Reynistaðartúni, eins og Björn á Skarðsá segir. Það örnefni hefir breyzt í Gálgahús, því að þar stóð fjárhús svo lengi, sem elztu menn til mundu. Stóð hús á hól, sem kallaður var Gálgahúshóll. Fyrir nokkrum árum lét núverandi ábúandi Reynistaðar rífa húsið og slétta þar í kring, en lét standa eftir nokkuð af hólnum, sem nú er nefndur Gálgahóll" (ÁF, 86).

**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-22**
Sérheiti: Gálghús
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474067 N 573087
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Skammt austan við núverandi heimreið er lítill hóll í túninu um 230 til ssv frá kirkjunni, hann kallast Gálgahóll.
**Lýsing**
Hóllinn er ögn óreglulegur um 20m langur, 17m breiður og um 1,5m hár,með sléttum fleti efst um 5m í þvermál.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gálghúshóll (65°39´276/19°33´811). Lítill hóll er í túninu skammt austan við veginn heim að Reynistað. Hann heitir Gálghúshóll. Þar stóðu fjárhús nokkuð fram á 20. öld og voru kölluð Gálghús.” (HP, 132).
Í Árbók Fornleifafélagsins frá 1941-42 segir í frásögn Margeirs Jónssonar: „Gálgagarður var suður á Reynistaðartúni, eins og Björn á Skarðsá segir. Það örnefni hefir breyzt í Gálgahús, því að þar stóð fjárhús svo lengi, sem elztu menn tilmundu. Stóð hús á hól, sem kallaður var Gálgahúshóll. Fyrir nokkrum árum lét núverandi ábúandi Reynistaðar rífa húsið og slétta þar í kring, en lét standa eftir nokkuð af hólnum, sem nú er nefndur Gálgahóll” (ÁF, 86).
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.



***Mynd 6, Reynistaður. Horft til norðurs, Gálgahóll sést sem grænn blettur í túninu fyrir miðri mynd og Langhúshóll neðarlega til vinstri, óljós hækkun með símastaur í miðjunni . Ljósm. GSS.***

**Reynistaður 145992-63-23**
Sérheiti: Langhúshóll
Hlutverk: Bústaður/Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474034 N 572971
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Sunnar [sunnan við Gálgahól sjá: Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988. *Ættir og óðal.* Frásagnir Jóns Sigurðssonar á Reynistað. Sauðárkróki.

Reynistaður 145992-63-21 og Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988. *Ættir og óðal.* Frásagnir Jóns Sigurðssonar á Reynistað. Sauðárkróki.

**Reynistaður 145992-63-**] er Langhúshóll. Hefur hann verið lækkaður mikið og sléttaður. Þar voru fjárhús fyrir h.u.b tuttugu árum" (ÖMJ, 2).

**Aðrar upplýsingar**

Misræmi er í örnefnaskrám Margeirs þar sem í annarri þeirra er talað um fjárhús á Langhúshól og ekki minnst á fjárhús á Gálgahól og öfugt í hinni. Hugsanlega hafa þó fjárhús staðið á báðum hólunum á einhverjum tímapunkti.

Í grein Johns Steinbergs og Douglas Bolenders „Rannsóknir a búsetuminjum í Skagafirði" sem birtist í *Árbók hins Íslenzka fornleifafélags 2002-2003* eru birtar niðurstöður rannsókna þeirra á Reynistað og fleiri jörðum á Langholti. Þar segir m.a.: „Á Reynistað eru tveir bæjarhólar, og kann búseta að hafa hafist á þeim báðum fyrir 1000. Elsta búseta sem staðfest verður með vissu þar, einhvern einhvern tíma fyrir 1000, var á svokölluðum Langhúshól – lágum, ílöngum hól 300m vestan [þetta mun eiga að vera sunnan] við stóra bæjarhólinn þar sem mestar búsetuminjar hafa fundist. Ekki er ljóst hvort báðir þessir staðir voru í byggð samtímis eða hvort byggð var færð frá Langhúshól og á stærri bæjarhólinn". (JMS, 119) Í greininni kemur einnig fram að þvermál rústa og sorphauga á stærri bæjarhólnum sé 10.000$m^2$ og 2.025$m^2$ áminni hólnum, Langhúshóli, og að elsta byggð á stóra bæjarhólnum sé í það minnsta frá því fyrir 1300 og e.t.v. fyrir 1104 og sé enn í byggð, meðan að elsta byggð á Langhúshóli sé frá því fyrir 1000 en ekki hafi verið búið þar eftir 1300. (Sjá „2. tafla: Stærðir býla og tímasetning byggð á gjóskulögum" JMS, 117). Í greininni koma einnig fram niðurstöður kolefnisgreiningar sem gerður voru á Langhúshóli á tveimur sýnum. Annars vegar tré (Betula pubescens, sýni nr. Beta 167781, venjulegur $^{14}$C aldur) og hins vegar brenndu tré (Betula pubescens, sýni nr. AA46687). Niðurstöðurnar voru að fyrra sýnið væri frá 766-999 e.Kr. (með 95,1% öryggi) og að seinna sýnið væri frá 772-899 e.Kr. (með 89,7% öryggi).

**Heimildaskrá**

J.M. Steinberg og D.J. Bolender, „Rannsóknir a búsetuminjum í Skagafirði," *Árbók hins Íslenzka fornleifafélags 2002-2003*: 107-130.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-132**

Sérheiti: Réttarhús
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**

Samkvæmt frásögn Jóns Sigurðssonar frá Reynistað í *Ættir og óðul* voru fimm hús ámið- og suðurtúninu, eitt og tvö á hverjum stað: Gálgahús, Langhús, Réttarhús, Hvammshús og Reinigerðishesthús. Undir Klausturbrekkunni, norðan við heimreiðina voru: Götuhesthús, og undir norðurvegg þar voru kvíarnar, Sveinshús, Hólhús, Stórahesthús og Folaldakofi. Öll þessi hús voru meira og minna úr torfi og grjóti. (JS, 184)

**Lýsing**

Ekki er víst hvar Réttarhús hafa staðið nákvæmlega. Búið er að slétta úr öllum tóftum á túnunum sjálfum en þó eru greinilegir tveir hólar ámiðtúninu, Gálghúshóll og Langhúshóll.

**Heimildaskrá**

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.
Jón Sigurðsson frá Reynistað, 1988. *Ættir og óðal.* Frásagnir Jóns Sigurðssonar á Reynistað. Sauðárkróki.

**Reynistaður 145992-63-24**

Sérheiti: Dysjavað
Hlutverk: Vað
Staðsetning: A 474140 N 572845
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í Sóknalýsingu Reynistaðar prestakalls frá 1842 segir: „Hjá Stað, þar hún [Sæmundará] bugar til austurs um Reynisnes, kallast hún Staðará. Það er á eigi mikil, getur þó óreið orðið á vetrum í miklum leysingjum og á vorum í afar vatnavöxtum. Dysjavað fyrir sunnan Reynistaðartún, þar hún fyrst bugar nesið, er þá kallað bezt vað á henni" (SS, 50).

**Heimildaskrá**

*Skagafjarðarsýsla: sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873* (1954). Pálmi Hannesson og Jakob Benediktsson. Akureyri: Norðri.

**Reynistaður 145992-63-25**

Sérheiti: Lestavað
Hlutverk: Vað
Tegund: Vað
Staðsetning: A 473299 N 573520
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Klausturbrekka heitir öll brekkan vestan við bæinn utan frá brúninni suður af Staðará og suður að Klauf þar sem vegurinn liggur nú gegnum. Gamli vegurinn lá upp yfirmelana og neðan við Geitagerði yfir Byrgislæk á Lestavaði og út fyrir vestan Hafssteinsstaði" (HP, 132).

**Lýsing**

Vaðið er enn greinilegt þar sem vegurinn (Reynistaður 145992-63-11) liggur niður að læknum að sunnan.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.




***Teikning 3, Reynistaður. Forn rétt í hvamminum ofan Klausturbrekku vestur af bænum. Tóftir (a) eru að því er virðist gömul rétt (*Reynistaður 145992-63-26*), (b) er garður eða hólf af einhverju tagi (* Reynistaður 145992-63-27*), (c) er sömuleiðis garður (*Reynistaður 145992-63-28*) og (d) er óþekktur niðurgröftur (*Reynistaður 145992-63-29*). Teikn. GSS.***

### Reynistaður 145992-63-26

Hlutverk: Rétt
Tegund: Hleðsla
Staðsetning: A 473852 N 573444
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Trjágróður/ uppblástur

### Staðhættir

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Kirkjuvöllur heitir norðan frá götunni [þar er átt við heimreiðina] og suður á Kirkjubrekkur upp að aðalgötunni austan í hárri brekku vestan við túnið. Norðvestast á þessum skika mótaði fyrir einhverjum fornum mannvirkjum, veggjum eða slíku, og gæti hafa verið þar gríðarstór rétt, ef til vill forn fjárrétt eða nautarétt frá dögum klaustursins” (ÖMJ, 2).

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „[... R]éttin er í landi Geitagerðis í stórum þúfnahvammi útvestur frá Klausturbrekku og er greniskógrækt efst í hvamminum. Neðan við trjálundinn er mannvirki (65°39´464/19°34´096), sjáanlega mjög gamalt, efalítið forn Staðarrétt því að

glöggt má greina almenninginn lítið eitt sporöskjulagaðan, en utan með eru margir smærri reitir er svara til dilka” (HP, 132).
Sigurður Jónsson segir: „Í útvestur frá Klausturbrekkunni er stór þúfnahvammur og greniskógrækt efst í hvamminum. Neðan við trjálundinn er sérkennilegt mannvirki, sjáanlega fornt. Annað hvort er það stór rétt eða akurgerði, því að í þessu er stór hringur nokkuð ferkantaður og utan með sérstaklega að ofan utan og neðan eru margir smærri reitir (Staða í miðju gerðinu er 65.39.464/19.34.096 [...])” (SJ,2).

**Lýsing**

Réttin sem sýnilega er mjög gömul er hlaðin úr torfi, ekki sér í grjót þótt hugsanlega sé það að finna í eða undir veggjum. Veggirnir eru útflattir og jarðsignir, um 2-3m að breidd og mest um 70-80sm að hæð en minnst 30 sm. Glöggt má greina almenning og a.m.k. níu dilka. Hlið eru sumstaðar torgreinileg vegna hruns og t.a.m. er ekki ljóst hvar hliðið inní almenningin hefur verið. Mjög þýft er í og við réttina og allt grasigróið. Búið er að planta trjám í og við réttina vestanverða en garður norðan við réttina er horfinn að hluta vegna uppblásturs.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar. Örnefnastofnun Íslands.
HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997

**Reynistaður 145992-63-27**

Hlutverk: Garður/hólf
Tegund: Hleðsla
Staðsetning: A 473853 N 573414
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hætta: Trjágróður/ uppblástur

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Kirkjuvöllur heitir norðan frá götunni [þar er átt við heimreiðina] og suður á Kirkjubrekkur upp að aðalgötunni austan í hárri brekku vestan við túnið. Norðvestast á þessum skikamótaði fyrir einhverjum fornummannvirkjum, veggjum eða slíku, og gæti hafa verið þar gríðarstór rétt, ef til vill forn fjárrétt eða nautarétt frá dögum klaustursins” (ÖMJ, 2).
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „[... R]éttin er í landi Geitagerðis í stórum þúfnahvammi útvestur frá Klausturbrekku og er greniskógrækt efst í hvamminum. Neðan við trjálundinn er mannvirki (65°39´464/19°34´096), sjáanlega mjög gamalt, efalítið forn Staðarrétt því að glöggt má greina almenninginn lítið eitt sporöskjulagaðan, en utan með eru margir smærri reitir er svara til dilka” (HP, 132).
Sigurður Jónsson segir: „Í útvestur frá Klausturbrekkunni er stór þúfnahvammur og greniskógrækt efst í hvamminum. Neðan við trjálundinn er sérkennilegt mannvirki, sjáanlega fornt. Annað hvort er það stór rétt eða akurgerði, því að í þessu er stór hringur nokkuð ferkantaður og utan með sérstaklega að ofan utan og neðan eru margir smærri reitir (Staða í miðju gerðinu er 65.39.464/19.34.096 [...])” (SJ,2).

**Lýsing**

Umhverfis réttina hefur að því er virðist verið einhverskonar hólf eða aðhald. Þetta garðlag er fornlegt að sjá og að líkindum frá svipuðum tíma og réttin. Garðurinn er jarðsokkinn á köflum syðst og austast. Þar sem garðurinn er enn sýnilegur er hann um 1,5-2m að breidd

og mest um 50 sm hár en minnst um 30 sm. Nyrst er uppblásinn melur og er garðurinn með öllu horfinn þar á kafla beint norður af réttinni. Norðvestan við réttina, handan við trjálundinn, virðist vera annað minna garðlag (Reynistaður 145992-63-28) innan við hitt ( Reynistaður 145992-63-27). Hugsanlega er þetta hrun úr ytri garðinum en gæti einnig bent til að garðurinn hafi verið hlaðinn upp oftar en einu sinni og því tilheyrt annað hvort yngri eða eldri hleðslu.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar. Örnefnastofnun Íslands.

HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997

**Reynistaður 145992-63-28**

Hlutverk: Garður/hólf
Tegund: Hleðsla
Staðsetning: A 473821 N 573458
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hætta: trjágróður/ uppblástur

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Kirkjuvöllur heitir norðan frá götunni [þar er átt við heimreiðina] og suður á Kirkjubrekkur upp að aðalgötunni austan í hárri brekku vestan við túnið. Norðvestast á þessum skika mótaði fyrir einhverjum fornum mannvirkjum, veggjum eða slíku, og gæti hafa verið þar gríðarstór rétt, ef til vill forn fjárrétt eða nautarétt frá dögum klaustursins” (ÖMJ, 2).

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „[... R]éttin er í landi Geitagerðis í stórum þúfnahvammi útvestur frá Klausturbrekku og er greniskógrækt efst í hvamminum. Neðan við trjálundinn er mannvirki (65°39´464/19°34´096), sjáanlega mjög gamalt, efalítið forn Staðarrétt því að glöggt má greina almenninginn lítið eitt sporöskjulagaðan, en utan með eru margir smærri reitir er svara til dilka” (HP, 132).

Sigurður Jónsson segir: „Í útvestur frá Klausturbrekkunni er stór þúfnahvammur og greniskógrækt efst í hvamminum. Neðan við trjálundinn er sérkennilegt mannvirki, sjáanlega fornt. Annað hvort er það stór rétt eða akurgerði, því að í þessu er stór hringur nokkuð ferkantaður og utan með sérstaklega að ofan utan og neðan eru margir smærri reitir (Staða ímiðju gerðinu er 65.39.464/19.34.096 [...])” (SJ,2).

**Lýsing**

Umhverfis réttina hefur að því er virðist verið einhverskonar hólf eða aðhald. Þetta garðlag er fornlegt að sjá og að líkindum frá svipuðum tíma og réttin. Garðurinn er jarðsokkinn á köflum syðst og austast. Þar sem garðurinn er enn sýnilegur er hann um 1,5-2m að breidd og mest um 50sm hár en minnst um 30 sm. Nyrst er uppblásinn melur og er garðurinn með öllu horfinn þar á kafla beint norður af réttinni. Norðvestan við réttina, handan við trjálundinn, virðist vera annað minna garðlag (Reynistaður 145992-63-28) innan við hitt ( Reynistaður 145992-63-27). Hugsanlega er þetta hrun úr ytri garðinum en gæti einnig bent til að garðurinn hafi verið hlaðinn upp oftar en einu sinni og því tilheyrt annað hvort yngri eða eldri hleðslu.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar. Örnefnastofnun Íslands.
HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997



***Mynd 7, Reynistaður. Horft til vesturs yfir rétt (*Reynistaður 145992-63-26*), vestur af Klausturbrekku. Ljósm. GSS.***

**Reynistaður 145992-63-29**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Niðurgröftur
Staðsetning: A 473902 N 573431
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**

Hola eða niðurgrafin tóft á brún Klausturbrekku norður af skarðinu sem gamla tröðin liggur í gegnum beint vestur af bænum.

**Lýsing**

Tóftin er mest rúmlega 1m að dýpt og 2m að breidd. Bárujárnsplata og fleira dót er ofan í niðurgreftrinum sem liggur austsuðaustur/vestnorðvestur, opin til austsuðausturs en fyrir innan „dyrnar“ er sérkennilegur trérammi rekinn ofan í gólfið lokaður með bárujárni. Bakkarnir eru uppblásnir og sendnir, ekki lítur út fyrir að þarna séu neinar torf eða grjóthleðslur.



***Mynd 8, Reynistaður. Horft til norðvesturs. Ljósm. GSS.***

**Reynistaður 145992-63-30**

Hlutverk: Jarðgöng/jarðhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474174 N 573315
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í síkisbakkanum austan við kirkjuna á Reynistað.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Jarðgöng. Í síkisbakkanum austan við kirkjuna er lítið skarð sem er eftir inngang í jarðhúsi. Á árunum milli 1920 og 1930 minnist ábúandi [Sigurður Jónsson] þar hurðarflaks fyrir dyrum og lágu göng inn til vestur en beygðu síðan til norðurs. Nokkrar líkur eru á að þetta hafi verið minjar um forn jarðgöng frá kirkjunni sem stóð austar en núverandi kirkja. En e.t.v. hefur þarna einungis verið grænmetis geymsla frá tímum Eggerts Briem" (HP, 133).
**Lýsing**
Enginn inngangur eða dyr eru sýnilegar, en skarð er í bakkanum á fyrrnefndum stað.
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur*. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-31**

Hlutverk: Smiðja
Tegund: Heimild
Ástand: Horfin

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Nóttina milli 6. og 7. apríl brunnu öll bæjarhús á Reynistað utan kirkjan og ein útiskemma. Þá hélt klaustrið Þór Björnsdóttir, ekkja Halldórs Brynjólfssonar biskups á Hólum. Á Reynistað voru þá 40 manns í heimili og bærinn saman stóð af yfir 20 húsum eða herbergjum. Verið var að undirbúa brúðkaup sem halda átti þriðjudaginn 7. apríl 1758. Á mánudegi var borinn eldur í smiðju er stóð sunnan

kirkjugarðs og var álitið að hann hefði með einhverjum hætti borist í skemmu þar sem vorum.a. eldfimir tjörukaggar" (HP, 135).

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur*. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-32**

Hlutverk: Þurrkvöllur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Túnið á Reynistað var stórt miðað við það sem þá tíðkaðist, en því nær allt þýft. Bærinn var stór, allreisulegur, byggður um og eftir 1840. Engjar voru víðlendar,mjög grasgefnar og mikið af þeim slétt, en afar votlendar í votviðra sumrum, nema bakkarnir meðfram Staðará, svo að flytja varð meira en helming af öllu útheyi á þurrkvöll, oft langar leiðir" (HP, 128).

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.



***Mynd 9, Reynistaður. Óþekkt grjóthleðsla syðst á melnum ofan Klausturbrekku hugsanlega smalabyrgi. Ljósm. GSS.***

**Reynistaður 145992-63-33**

Hlutverk: Óþekkt/smalabyrgi

Tegund: Hleðsla
Staðsetning: A 473880 N 573118
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðsetning**
Efst á enda melranans, 8m frá suðurbrún Klausturbrekku..
**Lýsing**
Hleðsla 1x1m að utanmáli, ferköntuð opin til suðurs. Hæð veggja 40 sm og breidd þeirra um 35 sm.
**Aðrar upplýsingar**
Hugsanlega er hér um smalakofa að ræða.

**Reynistaður 145992-63-34**
Hlutverk: Kvíar
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Aðalengjarnar afmörkuðust af djúpum og breiðum kíl, nefndur Slýið, sem lá þvert yfir Reynistaðarland og flutti vatnið sem kom ofan af Langholtinu út í Miklavatn. Landið milli Slýsins og Héraðsvatnabakka voru mýrar, einu nafni nefndar Staðarmýrar. Þar voru kvíaærnar hafðar að sumrinu,meðan fært var frá, og stöku sinnum lánaðar þar slægjur" (HP, 128).
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-35**
Hlutverk: Brú
Tegund: Heimild
Ástand: Horfin

**Staðhættir**
Sigurður Jónsson segir þetta um brúna: „Stóriskurður var [...] grafinn eftir Slýinu. Það var ófært kviksyndi. Það voru gerðar tvær brýr, önnur frá holtinu (enda svarðarhólsins) fyrir hesta til að flytja torf upp á holtið og þurrka. Svo var annar [önnur] utar. Það var lítil timburbrú yfir" (SJ, 2).
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Til þess að komast yfir Slýið austur á Staðarmýrar hafði verið lögð yfir það um alinar breið upphlaðin torfbrú, gjörð úr torfstrengjum, sem voru lagðir hlið við hlið eða hver ofan á annan, ef uppfylling var mikil, og hver strengur jafn langur og breidd brúarinnar. Loks var öll brúin þakin með góðu reiðingstorfi. Þessi brú þurfti árlegt viðhald og varð eingöngu unnið með torfljáum og ífærum (torfkrókur). Strengirnir sem voru úr reiðingstorfi voru dregnir að brúnni á þessum krókum, oft í alldjúpu vatni. Fylgdi þessu mikil vosbúð og ekki gjörlegt nema í góðu veðri" (HP, 128).

Síðar segir: „Ámýrunum austan við Staðará var Slýið, víða hyldjúpt en þess á milli kviksyndi með stórvöxnum starar- og ferginsgróðri, víðast alófært yfirferðar og voru gerðar yfir það brýr til að komast yfir” (HP, 129). Um brúnna segir í örnefnaskrá: „Sunnar á Skurðinum [átt er við Stóraskurð] er brú frá Reynistað, stunduð kölluð Slýbrú, af því að þar var fyrrum torfbrú yfir Slýið” (ÖMJ, 6).

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.
HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997

**Reynistaður 145992-63-36**

Hlutverk: Brú
Tegund: Heimild
Ástand: Horfin

**Staðhættir**

Sigurður Jónsson segir frá tveimur brúm: „Slýið var svo nokkru austar. Stóriskurður var síðan grafinn eftir Slýinu. Það var ófært kviksyndi. Það voru gerðar tvær brýr, önnur frá holtinu (enda svarðarhólsins) fyrir hesta til að flytja torf upp á holtið og þurrka. Svo var annar [önnur] utar. Það var lítil timburbrú yfir” (SJ, 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á mýrunum austan við Staðará var Slýið, víða hyldjúpt en þess ámilli kviksyndi með stórvöxnum starar- og ferginsgróðri, víðast alófært yfirferðar og voru gerðar yfir það brýr til að komast yfir” (HP, 129). Um brúnna segir í örnefnaskrá: „Sunnar á Skurðinum [átt er við Stóraskurð] er brú frá Reynistað, stundum kölluð Slýbrú, af því að þar var fyrrum torfbrú yfir Slýið” (ÖMJ, 6).

**Lýsing**

Óvíst er hvort núverandi ræsi eru á nákvæmlega sama stað og umræddar brýr. En tvö ræsi eru á þessu svæði á stóraskurði, annað austur af Svarðarhóli (A 475036 N 573348) í landi Holtsmúla og hitt (A 474567 N 573721) tæpum 600m utar, í landi Reynistaðar, gegnt bröggunum (A 474663 N 573758) sem þar standa.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar. Örnefnastofnun Íslands.
HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997

**Reynistaður 145992-63-37**

Sérheiti: Helgaheygarður
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Tóft
Staðsetning: A 474702 N 573690
Ástand: Gott

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Í suðaustur frá Slýbrúnni er Helgaheygarður, kennt við Helga Guðnason, sem bjó fá ár á Þröm og fékk lánaðan heyskap þarna” (ÖMJ, 6).

**Lýsing**

Í austsuðaustur frá núverandi brú yfir Stóraskurð (sem grafinn var eftir endilöngu Slýinu) er að finna leifar af hugsanlegum heygarði, líklega umræddum Helgaheygarði. Svolítil upphækkun um 20x15m liggur í nv-sa. Óljósar slitrur torfhleðslu umhverfis.

**Heimildaskrá**

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-38**

Hlutverk: Torfrista
Staðsetning: A 474686 N 573672
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Í suðaustur frá Slýbrúnni er Helgaheygarður, kennt við Helga Guðnason, sem bjó fá ár á Þröm og fékk lánaðan heyskap þarna. Þarna er ágæt torfrista, og er oft þurrkað torf á þessum rinda" (ÖMJ, 6).

**Heimildaskrá**

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-39**

Sérheiti: Þorkelsheygarður efri
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Hingað og þangað í mýrunum [skammt suður frá Ögmundarstaðamerkjum og vestan við Kúakíl] eru lágir og smáir rindar, þýfðir og sinumiklir. Hafa þeir ekki sérstök nöfn, nema þar sem hey hefur verið sett saman á, svo sem Þorkelsheygarður efri og neðri, sem er miklu hærri, en báðir eru þeir kenndir við Þorkel Jónsson Drangeyjarformann á Sauðárkróki, og heyjaði hann þar í mörg sumur" (ÖMJ, 6).

**Lýsing**

Umræddur heygarður fannst ekki við vettvangsskráningu.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-40**

Sérheiti: Þorkelsheygarður neðri
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Hingað og þangað í mýrunum eru lágir og smáir rindar, þýfðir og sinumiklir. Hafa þeir ekki sérstök nöfn, nema þar sem hey hefur verið sett saman á, svo sem Þorkelsheygarður efri og neðri, sem er miklu hærri, en báðir eru þeir kenndir við

Þorkel Jónsson Drangeyjarformann á Sauðárkróki, og heyjaði hann þar í mörg sumur” (ÖMJ, 6).

**Lýsing**

Umræddur heygarður fannst ekki við vettvangsskráningu.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-41**

Hlutverk: Flóðgarðar

Tegund: Heimild

Staðsetning: A473816 N574241 (vestur endi garðs)

A474214 N574340 (asturendi)

Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Nokkuð var af flóðgörðum á enginu, þar sem þurrast var frá tíð Briem sýslumanns, en nokkra þeirra hafði faðir minn látið gera [þetta er úr frásögn Jóns Sigurðssonar alþingismanns]” (HP, 128).

**Lýsing**

Einhver garðlög er að finna nyrst í landi Reynistaðar vestan Staðarár, en vegna gróðurs var ekki hægt að rekja sig eftir þeim með vissu þegar vettvangsskráning fór fram. Punkar voru teknir við austur og vesturenda garðlags.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-42**

Hlutverk: Áveituskurðir

Tegund: Heimild

Staðsetning: A473896  N474123

Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Reynistaðarland nær út að merkjum Víkurengja, nú Gýgjarhóls og Ögmundarstaða, og stór hluti af túni Reynistaðar er austan og utan við Staðará. Þetta var áður allt áveituland, vatnið tekið í skurð sem grafinn var úr ánni um 100m norður eftir bökkunum, skiptist þar í tvennt og liggur annar skurðurinn austur eftir og hinn út bakka, út á móts við Hafssteinsstaði. Kerfi smáskurða og áveitugarða stjórnaði síðan flæði vatnsins. Eggert Briem sýslumaður lét gera þessi mannvirki um og eftir 1880 og fékk Jósef Björnsson, síðar skólastjóra á Hólum, til að gjöra mælingar og standa fyrir verkinu. Voru áveiturnar á Staðarengjar mikilmannvirki með flóðgörðum [sjá Reynistaður 145992-63-35] og tilheyrandi aðfærsluskurði en þurftu mikið viðhald því að áin braut tíðum skörð í garðana. Áveitum var hætt um og eftir 1960 og féllu þá þessi mannvirki í óhirðu en víða má enn sjá merki eftir skurði og garða í túnunum þótt sléttuð hafi verið síðar til ræktunar ” (HP, 129). Þessi lýsing er í örnefnaskrá: „Áveituskurður nefnist skurður, sem

liggur úr ánni rétt norðvestan við Staðarrétt; norðan við Gömlurétt skiptist hann í tvo minni skurði. Liggur annar norður bakkann, en hinn austur og svo norður" (ÖMJ, 4).

**Lýsing**

Margir skurðir og garðlaög eru á engjunum og erfitt að greina hvaða skurði átt er við. Sumstaðar hefur einnig verið mokað upp úr skurðunum og erfitt að greina hvaða skurðir eru nýjir og hverjir eru gamlir.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur*. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

HSk. Viðtal Hjalta Pálssonar við Sigurð Jónsson á Reynistað 12.11.1997

**Reynistaður 145992-63-43**

Hlutverk: Áveitugarðar
Tegund: Heimild
Staðsetning: A473896 N474123
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Reynistaðarland nær út aðmerkjum Víkurengja, nú Gýgjarhóls og Ögmundarstaða, og stór hluti af túni Reynistaðar er austan og utan við Staðará. Þetta var áður allt áveituland, vatnið tekið í skurð sem grafinn var úr ánni um 100metra norður eftir bökkunum, skiptist þar í tvennt og liggur annar skurðurinn austur eftir og hinn út bakka, út ámóts við Hafssteinsstaði. Kerfi smáskurða og áveitugarða stjórnaði síðan flæði vatnsins. Eggert Briem sýslumaður lét gera þessi mannvirki um og eftir 1880 og fékk Jósef Björnsson, síðar skólastjóra á Hólum, til að gjöra mælingar og standa fyrir verkinu. Voru áveiturnar á Staðarengjar mikil mannvirki með flóðgörðum og tilheyrandi aðfærsluskurði en þurftu mikið viðhald því að áin braut tíðum skörð í garðana. Áveitum var hætt um og eftir 1960 og féllu þá þessi mannvirki í óhirðu en víða má enn sjámerki eftir skurði og garða í túnunum þótt sléttuð hafi verið síðar til ræktunar " (HP, 129).

**Lýsing**

Margir skurðir og garðlaög eru á engjunum og erfitt að greina hvaða skurði átt er við. Sumstaðar hefur einnig verið mokað upp úr skurðunum og erfitt að greina hvaða skurðir eru nýjir og hverjir eru gamlir.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur*. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-44**

Sérheiti: Staðarskurður
Hlutverk: Áveituskurður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Reynistaðarfeðgar, Sigurður Jónsson og Jóns Sigurðsson, sonur hans, ákváðu þá að hefjast handa upp á eigin spýtur og reyna að grynna

vatni á Reynistaðarengjum með því að veita því vestur í Staðará á norður merkjunum. Byggðu þeir þessa tilraun á margra ára athugunum, hvernig flóðin hafa sér á þessum slóðum. [...]. Byrjað var í framhaldi af gömlum skurði á norðurmerkjum Reynistaðar og fylgt merkjum í Tjarnarsíkið en síðan tekin stefna til suðurs í Gvendarpytt og endað þar" (HP, 128). Í örnefnaskrá segir: „Þá eru Norðurbakkar, eru með ánni norðan við Suðurbakka og ná út á merki, þar sem heitir Staðarskurður, og liggur hann vestur í Staðarána. Mun vera ævalangt, síðan fyrst var gerður skurður þarna, en núverandi ábúandi Reynistaðar hefur dýpkað hann mikið og breikkað" (ÖMJ, 5).

**Nánari lýsing**

Í Byggðasögunni segir einnig: „Þótt skurður þessi væri einungis um 2metrar á breidd og sem svaraði tveimur skóflustungum á dýpt gerði hann mikið gagn með því að leiða burtu yfirborðsvatn sem ella sat á mýrunum og notaðist landið mun betur til slægna en áður" (HP, 129). Og enn segir: „Skurður þessi fór að stórum hluta eftir Slýinu og gjörbreytti landinu svo að það þornaði til muna og breyttist að hluta í vallendi til aukinna og betri nytja" (HP, 129).

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-45**

Hlutverk: Stífla
Tegund: Heimild
Ástand: Horfin

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Stífla var gerð í skurðinn út við Gvendarpytt til að ná upp vatni á engjarnar og uppistaðan sem hún skapaði náði suður undir Holtsmúlamerki. Fyrir kom að stíflan sprakk og var hún a.m.k. þrisvar sinnum endurnýjuð á aldarfjórðungs tímabili" (HP, 128).

**Lýsing**

Ekkert sást eftir af stíflunni á vettvangi.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-46**

Hlutverk: Brú
Tegund: Heimild
Ástand: Horfin

**Staðhættir**

Óþekktir.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Staðará fellur eftir Reynistaðarlandi, brýtur sífellt land, þótt ekki sé það stórfellt, en hefur löngum verið farartálmi. Hún var um eitt skeið brúuð [ekki er getið um aldur brúar] en um skamman tíma því að ekki verður gerð á hana varanleg brú nema með miklum kostnaði" (HP, 128).

**Heimildaskrá**

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

## Reynistaður 145992-63-138

Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**

Vestan við félagsheimilið Melsgil í landi Mels (sbr. HP, 151).

**Lýsing**

Engar glöggar rústir eru eftir fjárhúsin. Óljós veggja eða garðbrot eru vestan við veginn sem gætu hafa tengst þessum húsum, þótt líklegra sé að þau séu hluti gamals túngarðs sem liggur vestur og norður eftir Hvammsbrekkunni neðan gamla vegarins.

**Heimildaskrá**

Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.




***Teikning 4, Reynistaður. Tóftir af rétt eða stórum stekk (*****Reynistaður 145992-63-47*****) austan við félagsheimilið Melsgil. Teikn. GSS.***

## Reynistaður 145992-63-47

Hlutverk: Rétt/Stekkur
Tegund: Tóft

Staðsetning: A 473950 N 572694
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð, vatnsrof

**Staðhættir**
Á vesturbakka Staðarár, í jaðri garðsins austan við félagsheimilið Melsgil eru glöggar tóftir.
**Lýsing**
Tóftin sjálf er um 20x14m að ummáli og liggur na-sv. Norðvestan við tóftina er 35m langur garður sem myndar útvegg tóftarinnar sem skiptist í þrjú hólf. Veggir eru hæstir að utan um 110sm og um 1-1,5m á breidd. Syðst er um 8m langt og 2m breitt hólf opið til suðausturs. Þar norðan við er hólf 8x8m með hliði til suðausturs norðan við miðju á suðaustur veggnum, einnig virðist hafa verið hlið yfir í hólfið þar norðan við vestast á norðaustur veggnum. Það hólf er 9x3m og opið til suðausturs. Fast norðan við það og raunar í norðaustur vegg þess hefur verið plantað trjám.
**Aðrar upplýsingar**
Hugsanlega er hér um litla rétt að ræða eða nokkuð sérstæðan og stóran stekk. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á tanganum sunnan við félagsheimilið Melsgil er glögg rúst af stórum stekk (65°39´062/19°33´962)" (HP, 130).
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar*, *II. bindi*, *Staðarhreppur og Seyluhreppur*. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.




***Teikning 5, Reynistaður. Tóftir í svokölluðum Stekkjarhvammi sunnarlega í landi Reynistaðar. Tóft (a) líklega stekkur:*** **Reynistaður 145992-63-48*****; tóft (b) rétt:*** **Reynistaður 145992-63-49*****; tóft (c) óþekkt:*** **Reynistaður 145992-63-50.** ***Teikn. GSS.***

## Reynistaður 145992-63-48

Sérheiti: Stekkjarhvammur
Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft
Staðsetning: A 473777 N 571871
Ástand: Ágætt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**
Syðst í landi Reynistaða við merkin hjá Geirmundarstöðum er hvammur, skilur merkjagirðing hvamminn. Nyrst í hvamminum er aðeins upp í brekkunni er tóft, líklega stekkur.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og liggur austur vestur, hlið er á stærri hólfi hennar til austurs. Líklega er þetta stekkur með lambakró við norðaustur-hornið og hún með hlið til beggja enda. Tóftin er greinileg, algróin og nokkuð mikill gróður er á henni þegar tóft er skráð. Breidd veggja í stærra hólfinu er um það bil 70 sm og hæð frá gólfi um 60sm, en veggir lambakróar eru mjórri um 40sm, þar sem hún liggur niður brekkuna í mjórri totu.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Tvennar stekkjarrústir eru í Stekkjarhvammi suður undir merkjum við Geirmundarstaði, önnur á meltotu upp af grundinni í hvamminum (65°38´617/19°34´178), hin, öllu stærri, er svo sem 20metrum sunnar og vestar undir brekkunni á grundinni við lækinn (65°38´609/19°34´209)" (HP, 130).
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-49**
Sérheiti: Stekkjarhvammur
Hlutverk: Rétt
Tegund: Tóft
Staðsetning: A 473767 N 571865
Ástand: Ágætt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**
Vestur frá stekkjartóftinni (Reynistaður 145992-63-48) liggja grjóthlaðnar veggjahleðslur, hugsanlegar réttar. Tóftin liggur undir brekkunni.
**Lýsing**
Vantar alveg suðurvegg og austurvegg. Breidd veggja um 50sm hæð frá gólfi u.þ.b. 70-80 sm.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Tvennar stekkjarrústir eru í Stekkjarhvammi suður undir merkjum við Geirmundarstaði, önnur á meltotu upp af grundinni í hvamminum (65°38´617/19°34´178), hin, öllu stærri, er svo sem 20metrum sunnar og vestar undir brekkunni á grundinni við lækinn (65°38´609/19°34´209)" (HP, 130).
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-50**
Sérheiti: Stekkjarhvammur
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: A 473757 N 571855
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**
Um 20m til sv frá stekkjartóftinni (Reynistaður 145992-63-48) er önnur tóft á sléttlendinu niður undan brekkunum, nyrst í hvamminum.
**Lýsing**
Dyr eru á tóftinni til suðvesturs. Veggir til suður/sa og nv eru afar ógreinilegir en austur og vestur veggir greinilegri.
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-51**
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: A 473641 N 572488
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**
Ofarlega í svolítilli klauf í melbrekkunni norðvestast í hvamminum norðan við Stekkjarhvamm.
**Lýsing**
Tóftin liggur u.þ.b. nnv-ssa og er um 7m löng og 3m breið. Tvískipt og dyr virðast vera til nnv móti brekkunni. Mikill gróður (mest puntur) var á í og við tóftina við skráningu og því ekki gott að greina sköpulag hennar nákvæmlega.
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-52**
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: A 473671 N 572278
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**

Gilskorningur sker hvamminn norðan við Stekkjarhvamm. Norðan við mynni gilskorningsins, austan undir melnum virðist vera lítil tóft. Líklega af gömlum stekk.

**Lýsing**

Vegna mikils gróðurs á svæðinu var ekki hægt að átta sig á innra fyrirkomulagi tóftarinnar.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-53**

Sérheiti: Stekkjargrund
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sunnan við gilið [átt er við Byrgisgil] vestur undan Raftholtsenda er sléttur blettur, Stekkjargrund" (ÖMJ, 9).

**Aðrar upplýsingar**

Engar stekkjartóftir fundust á Stekkjargrund en nafnið bendir til að þar eða í nágrenninu hafi einhvern tíma staðið stekkur.

**Heimildaskrá**

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-54**

Sérheiti: Staðarrétt
Hlutverk: Rétt
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474406 N 572991
Ástand: Horfin

**Staðhættir**

Um Staðarrétt eldri segir í örnefnaskrá: „Nú er réttin (Staðarrétt) spottakorn sunnan við girðinguna. Er hún úr torfi, nema milligerðir dilka eru úr timbri, og er hún orðin mjög hrörleg og varla fjárheld, þó að klastrað sé í hana við og við" (ÖMJ, 4).

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Eldri Staðarrétt [sú yngri steypt 1952-3] (65°39´240/19°33´330) var á grundunum rétt austan við Staðará vestan undir Svarðarhól. Hún var með ytri og innri hring úr torfi, en milligerðir úr timbri. Önnur eldri torfrétt var talsvert norðar á grundinni (65°39´310/19°33´350). Minjar þeirra beggja eru nú með öllu horfnar í túnsléttu" (HP, 131).

**Heimildaskrá**

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-55**

Sérheiti: Gamlarétt
Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild
Staðsetning: A 474410 N 573062
Ástand: Horfin

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Eldri Staðarrétt [sú yngri steypt 1952-3] (65°39´240/19°33´330) var á grundunum rétt austan við Staðará vestan undir Svarðarhól. Hún var með ytri og innri hring úr torfi, en milligerðir úr timbri. Önnur eldri torfrétt var talsvert norðar á grundinni (65°39´310/19°33´350). Minjar þeirra beggja eru nú með öllu horfnar í túnsléttu” (HP, 131). Um réttina segir í örnefnaskrá: „Fast við girðinguna að norðan (milli Holtsmúla og Reynistaðar) er Gamlarétt. Þar var skilaréttin fram undir síðustu aldamót, og sjást allar veggjarstöður enn og lögun almenningsins” (ÖMJ, 4).
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.



***Mynd 10, Reynistaður. Horft til vesturs af norðurenda holtsins norður af Svarðarhóli. Fyrir miðri mynd sést tóft (no56) Íbúðarhúsið á Klausturbrekku í baksýn fyrir miðri mynd og kirkjan og íbúðarhúsið á Reynistað þar til hægri. Ljósm. GSS.***

**Reynistaður 145992-63-56**
Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft
Staðsetning: A 474681 N 573288
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**
Norðan undir holtinu sem tekur við af Svarðarhóli og teygir sig til norðurs út að Staðarengjunum er að finna sporöskjulaga tóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur u.þ.b. norður-suður á töluverðri tóftaupphækkun. Tóftin sjálf er um 11m löng og 8m breið. Innra fyrirkomulag er óljóst en þó virðast hafa verið dyr til suðurs eða suðausturs. Hæð veggja að utan er um 3m að norðan en 1m að sunnan.
**Aðrar upplýsingar**
Af upphækkuninni að dæma virðist sem hús hafi verið byggð hér upp oftar en einu sinni á sama stað. Ekki er gott að segja til um hlutverk tóftarinnar en þó gæti verið um mannabústað að ræða. Hugsanlega er hér að finna bústað jarðarinnar Hafnar í einhverjum neðri lögum hólsins (sjá Reynistaður 145992-63-79).

**Reynistaður 145992-63-57**
Sérheiti: Fjáreyri
Hlutverk: Vörslugarður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfinn

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fjáreyri heitir austasti hluti túnsins vestan við Staðará. Þangað var fjársafnið af Staðarfjöllum rekið að kvöldi smaladags og setið þar yfir nóttina, áður en réttað var. Þvert ummiðja eyrina var hlaðinn mannhæðarhár garður til vörslu fjárins og afmarkaði eyrina” (HP, 131). Um Fjáreyri segir í örnefnaskrá: „Sunnan við fyrrnefnt Síki og austan við dragið, sem kalla má leifar af árfarveginum forna, er rennisléttur bakki, sem áður var eyri og heitir Ytri-Fjáreyri og Syðri-Fjáreyri. Þar var í gamla daga vaktað fjársafnið réttardagsnóttina, og til hægðarauka var þá hlaðinn garður þvert yfir svæðið frá ánni vestur í síkið, og er mikið eftir af þeim garði enn” (ÖMJ, 3).
**Lýsing**
Engar leifar af umræddum garði fundust við skráningu á vettvangi. Hins vegar liggur allstór garður vestan við eyrina frá norðri til suðurs (Reynistaður 145992-63-58).
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj*. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-58**
Hlutverk: Túngarður/vörslugarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: A 474274 N 572989
Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fjáreyri heitir austasti hluti túnsins vestan við Staðará. Þangað var fjársafnið af Staðarfjöllum rekið að kvöldi smaladags og setið þar yfir nóttina, áður en réttað var. Þvert um miðja eyrina var hlaðinn mannhæðarhár garður til vörslu fjárins og afmarkaði eyrina” (HP, 131). Um Fjáreyri segir í örnefnaskrá: „Sunnan við fyrrnefnt Síki og austan við dragið, sem kalla má leifar af árfarveginum forna, er rennisléttur bakki, sem áður var eyri og heitir Ytri-Fjáreyri og Syðri-Fjáreyri. Þar var í gamla daga vaktað fjársafnið réttardagsnóttina, og til hægðarauka var þá hlaðinn garður þvert yfir svæðið frá ánni vestur í síkið, og er mikið eftir af þeim garði enn” (ÖMJ, 3).
**Lýsing**
Engar leifar fundust á vettvangi af þeim garði sem Margeir Jónson talar um í örnefnaskrá sinni og á að hafa legið frá Staðará í vestur. Hins vegar liggur allstór garður vestan við eyrina frá norðri til suðurs og gæti hafa verið vörslugarður. Garðurinn er um 1-1,5m að hæð og um 1,5m að breidd grasi gróinn og liggur austur með túninu næst ánni á um 170m löngum kafla.
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagfirðinga, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj*. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagafjarðar, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-59**
Hlutverk: Rétt
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá fyrir Hafsteinsstaði segir: „Reynistaður: Sunnan við lækinn í landi Reynistaðar er stór steinn í holti. Við hann byggði Jón Sigurðsson hrossarétt og var önnur hlið steinsins notuð sem vesturveggur réttarinnar. Að sögn Skafta nýttist þessi rétt lítt eða ekki, þótti illt að reka inn í hana þar sem aðhald er ekkert. Kannski hafa íbúar steinsins verið þessu andsnúnir. Réttin er að mestu grjóthlaðin innan og er grjótið að nokkru hrunið inn í réttina. Dyr hennar hafa verið að sunnan meðfram steininum. Stærð hennar er 3-4m á breidd, lengdin 7metrar að utanmáli” (Bls. 6 í frumgögnum Hjalta Pálssonar)
**Lýsing**
Ekki gafst tími til að skoða umræddar minjar á vettvangi 2005.
**Heimildaskrá**
Hjalti Pálsson, frumgögn fyrir Byggðasögu Skagafjarðar. Örnefnaskrá fyrir Hafsteinsstaði.




***Teikning 6, Reynistaður. Forn skilarétt í svokallaðri Gróf sunnan við Byrgislæk í Byrgisgili (*****Reynistaður 145992-63-60*****) . Þetta er nú í landi Hafsteinsstaða.***

**Reynistaður 145992-63-60**

Hlutverk: Rétt
Tegund: Garðlag
Staðsetning: A 473412 N 573534
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Minjar sjást um tvær fornar skilaréttir í nágrenninu. Önnur er í landi Hafsteinsstaða í Grófinni, víðum hvammi utan við Geitagerðismela en sunnan Byrgislækjar (65°39´497/19°34´685). Þar sést stór, ferkantaður almenningur, á að giska 6-7metra breiður og yfir 40m langur að innanmáli, frá austri til vesturs, óljósir dilkar og óskipulegir utan með. Örnefni Réttarmóar lifir enn á móunum út og niður frá rústunum" (HP, 132).

**Lýsing**

Mikill gróður var á þessu svæði þegar skráning fór fram og réttin mjög óljós. Nokkuð þýft er í og við réttina en þó má greina þar stóran almenning og nokkra dilka. Innveggir eru slitróttir og sömu leiðis er veggur að norðan óljós á kafla. Suður veggurinn, um 40metra langur, er vel greinilegur um 1,5m að breidd og 1m á hæð. Nokkur mosi er í veggjunum en sina og gras umhverfis.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-61**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðsetning: A 473802 N 572794
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðsetning**

Norðan við gilið Melsgil sem liggur til vesturs frá Mel.

**Lýsing**

Garðurinn er ferhyrndur vel gróinn, hlið er ekki greinilegt en gæti hafa verið í sv-horni. Hæð veggja er frá 40-100sm og breidd allt að 2,5m.

**Aðrar upplýsingar**

Hugsanlega er hér um rétt eða nátthaga að ræða, en það er óljóst. Veggir eru ekki augljóslega hlaðnir og gætu hreinlega verið einfaldur uppmokstur, jarðvegur innan veggja er mun grynnri og gróðursnauðari en utan þeirra og hefur efni í vegginn að líkindum verið tekið þaðan. Sömuleiðis virðist vera efnistaka austan og norðan við garðlögin.

**Reynistaður 145992-63-62**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóftir
Staðsetning: A 473787 N 572672
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðsetning**

Í túninu sunnan Sauðárkróksbrautar, suður af Geitagerði, er lítill ósleginn hóll og virðist vera í honum tóftarbrot.

**Lýsing**

Vestast í hólnum er dæld 2x4m að utanmáli, 30-40sm djúpt. Bárujárn og timbur sést á hólnum, annað er mjög óljóst.

**Reynistaður 145992-63-63**

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóftir
Staðsetning: A 473489 N 572382
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Tæplega 200m sunnan minkahúss er gil sem liggur austur/vestur en beygir síðan til suðurs og svo aftur til austurs. Vestast í gilinu er smá hóll í hlíðinni.
**Lýsing**
Svæðið er dökkgrænt og virðist líklegt til að geyma tóftir er þó mjög gróið og ómögulegt að sjá hvort nokkur veggjalög séu þar.

**Reynistaður 145992-63-64**
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóftir
Staðsetning: A 473462 N 572372
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Tæplega 200m sunnan minkahússins er gil sem liggur austur/vestur en beygir síðan til suðurs og svo aftur til austurs. Vestast í gilinu er smá hóll eða svæði í hlíðinni. Og þar 20m vestar er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er fremur ógreinileg vegna mikils gróðurs en sér í veggi 70-80sm á breidd og 60sm hátt frá gólfi, ómögulegt er að greina útlínur tóftarinnar vegna mikils gróðurs á svæðinu. Hún liggur austur/vestur.



**Mynd 11, Reynistaður. Teikning GSS. Loftmynd, Lofmyndir ehf.**

**Reynistaður 145992-63-65**

Sérheiti: Hundagarður
Hlutverk: Vörslugarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: A 473426 N 573088
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við Melsbæinn neðan frá ánni, upp Melstúnið og hæsta melhornið sunnan við Melsgilið, lá garður, sem nú er víða sokkinn í jörð. Hefur hann legið

yfir gilið og út og upp fyrir ofan Geitagerði, þar út á melana og norðan við Geitagerðismela niður að ánni. Þetta var vörzlugarður, og er mælt, að Einar Stefánsson, er bjó á Reynistað, hafi látið hlaða garðinn 1855-6, þegar hundafárið mikla geisaði” (ÖMJ, 7).

**Lýsing**

Garðurinn er vel greinilegur á köflum um 1,5m að breidd og mest um 1m að hæð annarsstaðar er hann horfinn undir túnsléttur og vegi.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hundagarður kallast vörslugarður sem hefur umlukið Reynistað að norðan og vestan, legið upp frá Staðará á landamerkjum að norðan, um Grófina utan við Geitagerðis-mel og suður yfir hann skammt ofan Geitagerðis suður í Melsgilið, yfir það og allt suður í Staðará. Stubbur af þessum garði sést vel sunnan við þjóðveginn skammt suðvestur af Geitagerði. Einnig er hann glöggur í Grófinni niður að Staðará. Í geitagerðistúni er hann horfinn vegna túnasléttun-ar. Aldur hans er með öllu óviss en nafnið segja menn til komið vegna þess að hann hafi verið gerður á tímum einhvers hundafárs, þegar erfitt var um fjárgeymslu vegna hundleysis. Í örnefnaskrá frá 1940 er getið munnmæla þess efnis að Einar Stefánsson umboðsmaður og eigandi Reynistaðar hafi látið hlaða garðinn 1856-1857 þegar hundafárið mikla geisaði í Skagafirði svo að nálega varð hundlaust í Skagafirði. Meiri líkur eru þó á að garðurinn sé miklu eldri, en e.t.v. hefur Einar látið hressa hann við” (HP, 132).



***Mynd 11, Reynistaður. Horft til suðausturs eftir „Hundagarði“. Ljósm. GSS.***

**Heimildaskrá**

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.
*Byggðasaga Skagafjarðar*, *II. bindi*, *Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

## *Hjáleigur*



***Mynd 12, Melur og Melsgil. Horft til norðvesturs. Litla húsið til vinstri á myndinni heitir Melur, gamla húsið á Mel á að hafa staðið á hólnum þar fyrir ofan, aðeins til hægri ámyndinni. Stóra húsið bak við trén hægra megin á myndinni er félagsheimilið Melsgil. Ljósm. GSS.***

**Reynistaður 145992-63-66**

Sérheiti: Melur
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Bæjah
Staðsetning: A 473772 N 572748
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bærinn stóð áður uppi á hólnefinu sunnan við Melsgilið (65°39´067/19°34´197). Þar sjást ókennileg veggjabrot, sem standa eftir á gilbarminum, en annars er þarna komið hallandi tún og er víða nokkuð bratt. Þarna brann bærinn í október 1718 en var endurbyggður á sama stað” (HP, 152). Yngri bærinn er á sléttlendi undir bakkanum skammt sunnan við mynni Melgilsins. Um býlið segir í örnefnaskrá: „Melur, hjáleiga frá Reynistað, er sunnan við Melsgilið neðst, rétt vestan við ána, sem þangað út nefnist Sæmundará, en er svo kennd við Stað úr því til Miklavatns” (ÖMJ, 7).

**Lýsing**

Utan við girðinguna upp á hólnefinu eru veggjaslitrur yst á norðurbrúninni. Hæð mest um 60sm breidd 50-80sm. Fyrirkomulag óljóst.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-67**
Sérheiti: Melur
Hlutverk: Óþekkt/Bústaður
Tegund: Gróðurskil
Staðsetning: A 473821 N 572647
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bærinn stóð áður uppi á hólnefinu sunnan við Melsgilið (65°39´067/19°34´197). Þar sjást ókennileg veggjabrot, sem standa eftir á gilbarminum, en annars er þarna komið hallandi tún og er víða nokkuð bratt. Þarna brann bærinn í október 1718 en var endurbyggður á sama stað” (HP, 152). Yngri bærinn er á sléttlendi undir bakkanum skammt sunnan við mynni Melgilsins. Um býlið segir í örnefnaskrá: „Melur, hjáleiga frá Reynistað, er sunnan við Melsgilið neðst, rétt vestan við ána, sem þangað út nefnist Sæmundará, en er svo kennd við Stað úr því til Miklavatns” (ÖMJ, 7).
**Lýsing**
Utan við girðinguna upp á hólnefinu eru tóftaleifar yst á norðurbrúninni, hugsanlega eru þetta veggjaleifar gamla bæjarins á Mel, en þó gæti fleira komið til greina, s.s. efnishaugur fyrir bæinn eða túngarðinn sem liggur þarna eftir gilbarminum frá nv-sa.
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-68**
Sérheiti: Melur
Hlutverk: Gerði
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í Jarðabók frá 1728 segir: „Tún hefur þar verið sæmilega stórt en er nú mjög af sér gengið sökum sands sem árlega túnið fellur og óræktar sem á það er komin, sérdeilis á gerðið sem liggur fyrir utan gilið og kann valla úr ná nokkri rækt sökum sandfens sem þar að gengur” (HP, 151).
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-69**
Sérheiti: Reynigerði
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 473935 N 572779
Ástand: Horfið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Reynigerði (65°39’ 153/19°34´065). Þjóðvegurinn fer gegnum Reynistaðartún gegnum Klaufina við enda Klausturbrekku. Túnið vestan við þjóðveginn, norðan Staðarár, heitir Reynigerði. Þar voru tóftir af húsmannsbýlinu Reynigerði. Lengi voru þarna samnefnd peningshús og stóðu á lítilli hæð nærri vestast í túninu nálægt brekkunni” (HP, 137). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Sunnan við lækinn er og stórt tún og nefnist nú Reynigerði. Áður voru hús víða á Suðurtúninu, en núverandi ábúandi hefur látið rífa þau flest og slétta yfir rústirnar” (ÖMJ, 3).
**Lýsing**
Ekki er ljóst hvar bústaðurinn sjálfur hefur staðið en syðst í túninu, norðan við félagsheimilið Melsgil er að finna útsléttaðar leifar byggingar. Svolítil lægð [A 473935 N 572779] um 3x3m. Þar sunnan við tekur við bílastæði og svo félagsheimilið líklega hafa húsin staðið einhverstaðar á þessu svæði.
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-70**
Sérheiti: Reynigerði
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 473843 N 572922
Ástand: Horfið

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Reynigerði (65°39’ 153/19°34´065). Þjóðvegurinn fer gegnum Reynistaðartún gegnum Klaufina við enda Klausturbrekku. Túnið vestan við þjóðveginn, norðan Staðarár, heitir Reynigerði. Þar voru tóftir af húsmannsbýlinu Reynigerði. Lengi voru þarna samnefnd peningshús og stóðu á lítilli hæð nærri vestast í túninu nálægt brekkunni” (HP, 137). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Sunnan við lækinn er og stórt tún og nefnist nú Reynigerði. Áður voru hús víða á Suðurtúninu, en núverandi ábúandi hefur látið rífa þau flest og slétta yfir rústirnar” (ÖMJ, 3).
**Lýsing**
Undir melnum vestan og sunnan við núverandi tún má greina glögg gróðurskil og dældir í brekkufætinum. Vestarlega í túninu er einnig að finna lágan óreglulegan hól um 17m langan og 11m breiðan þar sem hann er breiðastur og gætu einhver hús hafa staðið þar. Mest áberandi húsaleifarnar eru þó gróðurskilin og dældirnar undir gamla veginum vestast í túninu, en heimildir benda til að þar hafi Hvammshús staðið (sjá Reynistaður 145992-63-74).

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-71**

Sérheiti: Reynigerði/Hvammshús
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Gróðurskil
Staðsetning: A 473841 N 572920
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**

Ógreinileg gróðurskil eru í syðsta hluta heimatúns Reynistaðar þar sem heitir Reynigerði sunnan Sauðárkróksbrautar. Fast norðan undir gamla þjóðveginum þar sem hann sveigir til austurs eftir Hvammsbrekkunni. Um 160m norðvestur af félagsheimilinu Melsgili.

**Lýsing**

Vestarlega í túninu er lágur óreglulegur hóll um 17m langan og 11m breiður þar sem hann er breiðastur þar hafa hugsanlega staðið einhver útihús annað hvort frá Reynigerði eða Hvammshúsum.

Túngarður (Reynistaður 145992-63-77) liggur þvert í gegnum þessi skil og er þar af leiðandi eitthvað yngri en hugsanlegar byggingaleifar.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Reynigerði (65°39’ 153/19°34´065). Þjóðvegurinn fer gegnum Reynistaðartún gegnum Klaufina við enda Klausturbrekku. Túnið vestan við þjóðveginn, norðan Staðarár, heitir Reynigerði. Þar voru tóftir af húsmannsbýlinu Reynigerði. Lengi voru þarna samnefnd peningshús og stóðu á lítilli hæð nærri vestast í túninu nálægt brekkunni” (HP, 137). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Sunnan við lækinn er og stórt tún og nefnist nú Reynigerði. Áður voru hús víða á Suðurtúninu, en núverandi ábúandi hefur látið rífa þau flest og slétta yfir rústirnar” (ÖMJ, 3). Enn fremur segir í Byggðasögunni: „Spölkorn norðar en Reynigerði voru peningshús undir brekkunni fast austan við gamla þjóðveginn og kölluð Hvammshús (65°39’200/19°34´136). Þar hefur væntanlega verið hjáleigan Hvammshús á litlum hólhrygg fast upp við brekkuna. Þarna voru lengi peningshús, fyrrum fjárhús en síðast hesthús nokkuð fram á 20. öld. Partur af vallargarðinum sést norður við þjóðveginn” (HP, 137-8). Í örnefnaskrá segir um Hvammshús: „Syðst og efst á túninu við brautina eru fornar tóftir. Þar var gamalt býli, nefndist Hvammshús” (ÖMJ, 3).

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-72**

Sérheiti: Reynigerði/Hvammshús
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Gróðurskil

Staðsetning: A 473833 N 572883
Ástand: Slæmt
**Staðhættir**
Gróðurskil eru við syðsta hluta heimatúns Reynistaðar þar sem heitir Reynigerði sunnan Sauðárkróksbrautar. Fast norðan undir gamla þjóðveginum þar sem hann sveigir til austurs eftir Hvammsbrekkunni. Um 160m norðvestur af félagsheimilinu Melsgili.
**Lýsing**
Um 13m löng og 6m breið gróðurskil eru norðan undir brekkunni og gamla þjóðveginum þar sem melurinn gengur til austurs sunnan við túnið. Grasið á þessum bletti er dekkra og gróskumeira en umhverfið. Þessi gróðurskil gætu bent til byggingaleifa af einhverju tagi sem hafa þá tilheyrt annað hvort Reynigerði eða Hvammshúsum.
**Aðrar upplýsingar**
Túngarður (Reynistaður 145992-63-77) liggur þvert í gegnum þessi skil og er þar af leiðandi eitthvað yngri en hugsanlegar byggingaleifar. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Reynigerði (65°39’ 153/19°34´065). Þjóðvegurinn fer gegnum Reynistaðartún gegnum Klaufina við enda Klausturbrekku. Túnið vestan við þjóðveginn, norðan Staðarár, heitir Reynigerði. Þar voru tóftir af húsmannsbýlinu Reynigerði. Lengi voru þarna samnefnd peningshús og stóðu á lítilli hæð nærri vestast í túninu nálægt brekkunni” (HP, 137). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Sunnan við lækinn er og stórt tún og nefnist nú Reynigerði. Áður voru hús víða á Suðurtúninu, en núverandi ábúandi hefur látið rífa þau flest og slétta yfir rústirnar” (ÖMJ, 3). Enn fremur segir í Byggðasögunni: „Spölkorn norðar en Reynigerði voru peningshús undir brekkunni fast austan við gamla þjóðveginn og kölluð Hvammshús (65°39’200/19°34´136). Þar hefur væntanlega verið hjáleigan Hvammshús á litlum hólhrygg fast upp við brekkuna. Þarna voru lengi peningshús, fyrrum fjárhús en síðast hesthús nokkuð fram á 20. öld. Partur af vallargarðinum sést norður við þjóðveginn” (HP, 137-8). Í örnefnaskrá segir um Hvammshús: „Syðst og efst á túninu við brautina eru fornar tóftir. Þar var gamalt býli, nefndist Hvammshús” (ÖMJ, 3).
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.
Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-73**

Sérheiti: Reynigerði/Hvammshús
Hlutverk: Óþekkt/Brunnur
Tegund: Hola
Staðsetning: A 473839 N 572995
Ástand: Sæmilegt

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Reynigerði (65°39’ 153/19°34´065). Þjóvegurinn fer gegnum Reynistaðartún gegnum Klaufina við enda Klausturbrekku. Túnið vestan við þjóðveginn, norðan Staðarár, heitir Reynigerði. Þar voru tóftir af húsmannsbýlinu Reynigerði. Lengi voru þarna samnefnd peningshús og stóðu á lítilli hæð nærri vestast í túninu nálægt brekkunni” (HP, 137). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Sunnan við lækinn er og stórt tún og nefnist nú Reynigerði. Áður voru hús víða á Suðurtúninu, en núverandi ábúandi hefur látið rífa þau flest og slétta yfir rústirnar” (ÖMJ, 3). Enn fremur segir í Byggðasögunni: „Spölkorn norðar en Reynigerði voru peningshús undir brekkunni fast austan við gamla þjóðveginn og kölluð Hvammshús (65°39’200/19°34´136). Þar hefur

væntanlega verið hjáleigan Hvammshús á litlum hólhrygg fast upp við brekkuna. Þarna voru lengi peningshús, fyrrum fjárhús en síðast hesthús nokkuð fram á 20. öld. Partur af vallargarðinum sést norður við þjóðveginn” (HP, 137-8). Í örnefnaskrá segir um Hvammshús: „Syðst og efst á túninu við brautina eru fornar tóftir. Þar var gamalt býli, nefndist Hvammshús” (ÖMJ, 3).

**Lýsing**

Lítil lægð um 1m í þvermál er norðvestast í túninu, hugsanlega eftir brunn, en ekki er hægt að fullyrða neitt um það án frekari rannsókna.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.




***Mynd 13, Reynistaður. Horft til suðurs yfir túngarðinn við Hvammshús. Húsin hafa staðið þar sem gróðurskilin eru fyrir miðri mynd milli túnsins og brekkunnar. Gróðurskilin fjær eru vísbendingar um byggingar sem hugsanlega hafa tilheyrt Reynigerði. Ljósm. GSS.***

**Reynistaður 145992-63-74**

Sérheiti: Hvammshús
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 473821 N 572950
Ástand: Horfið
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Spölkorn norðar en Reynigerði voru peningshús undir brekkunni fast austan við gamla þjóðveginn og kölluð Hvammshús (65°39’200/19°34´136). Þar hefur væntanlega verið hjáleigan Hvammshús á litlum hólhrygg fast upp við brekkuna. Þarna voru lengi peningshús, fyrrum fjárhús en síðast hesthús nokkuð fram á 20. öld. Partur af vallargarðinum sést norður við þjóðveginn” (HP, 137-8). Í örnefnaskrá segir um Hvammshús: „Syðst og efst á túninu við brautina eru fornar tóftir. Þar var gamalt býli, nefndist Hvammshús” (ÖMJ, 3).

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.

**Reynistaður 145992-63-75**

Sérheiti: Hvammshús
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 473821 N 572950
Ástand: Horfið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Spölkorn norðar en Reynigerði voru peningshús undir brekkunni fast austan við gamla þjóðveginn og kölluð Hvammshús (65°39’200/19°34´136). Þar hefur væntanlega verið hjáleigan Hvammshús á litlum hólhrygg fast upp við brekkuna. Þarna voru lengi peningshús, fyrrum fjárhús en síðast hesthús nokkuð fram á 20. öld. Partur af vallargarðinum sést norður við þjóðveginn” (HP, 137-8).

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-76**

Sérheiti: Hvammshús
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 473821 N 572950
Ástand: Horfið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Spölkorn norðar en Reynigerði voru peningshús undir brekkunni fast austan við gamla þjóðveginn og kölluð Hvammshús (65°39’200/19°34´136). Þar hefur væntanlega verið hjáleigan Hvammshús á litlum hólhrygg fast upp við brekkuna. Þarna voru lengi peningshús, fyrrum fjárhús en síðast hesthús nokkuð fram á 20. öld. Partur af vallargarðinum sést norður við þjóðveginn” (HP, 137-8).

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-77**
Sérheiti: Hvammshús
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: A 473818 N 573021
Ástand: Sæmilegt

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Spölkorn norðar en Reynigerði voru peningshús undir brekkunni fast austan við gamla þjóðveginn og kölluð Hvammshús (65°39’200/19°34´136). Þar hefur væntanlega verið hjáleigan Hvammshús á litlum hólhrygg fast upp við brekkuna. Þarna voru lengi peningshús, fyrrum fjárhús en síðast hesthús nokkuð fram á 20. öld. Partur af vallargarðinum sést norður við þjóðveginn” (HP, 137-8).
**Lýsing**
Lítið er eftir af túngarðinum en þó er að finna slitrur undir brekkunni austan við gamla þjóðveginn, vestan og suðvestan við túnið. Í norðvestur horni túnsins skammt frá veginum er heil hleðsla úr torfi á um 50m kafla og liggur norður suður, um 130sm hár þar sem hann er hæstur og um 1,5m að breidd. Annan tæplega 80m langan kafla er að finna að því er virðist í vegkanti gamla þjóðvegarins, þar sem hann liggur í nv-sa. Sá hluti garðsins er mun lægri en hinn eða um 60sm hár og 50sm að breidd. Ekkert grjót var sýnilegt í þessum hleðslum en torfið vel gróið svo og umhverfið. (Sjá Mynd 13)
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-78**
Hlutverk: Hesthús/Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: A 473642 N 572882
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Hvammsbrekka heitir landspilda úr landi Reynistaðar sunnan og vestan Sauðárkróksbrautar, milli Geitagerðis og Melslands.
**Lýsing**
Vestarlega í túninu í Hvammsbrekku er tóftahóll um 20m langan og 15m breiður og snýr austur vestur..
**Aðrar upplýsingar**
Þar stóð hesthúskofi frá Hvammsbrekku og síðar fjárhús frá Reynistað, hvort tveggja úr torfi og grjóti. Íbúðarhús var byggt í Hvammsbrekku árið 1928 úr steinsteypu, ári seinna var flutt inn. Staðurinn fór í eyði 1960. Hesthúskofi var byggður um 70-80m vestan við bæinn. Eftir að bærinn fór í eyði var hann stækkaður og breytt í fjárhús af Reynistaðarbændum (sbr. HP, 148). Á sama stað var fyrsta minkahúsið á Reynistað byggt 1985 (sbr. HP, 153).
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson. Örnefnaskrá Reynistaðar og Geitagerðis. Örnefnastofnun Íslands.




**Figure 2Mynd 6, Reynistaður. Horft til austurs**

**Reynistaður 145992-63-79**
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóftir
Staðsetning: A 473407 N 573000
Ástand: Sæmilegt

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vestan við Hvammsbrekkutún skammt austan Sæmundarhlíðarvegar reisti Steinn í Klausturbrekku fyrir fáum árum fjárhúsbragga. Hann var tekinn niðri á Staðarmýrum og færður þangað uppeftir, einn þeirra þriggja sem byggðir voru niðri á Staðarengjum um 1948. Þegar tekinn var grunnur undir braggann var sléttað svæðið þar austur af fram á lága brekkubrún. Þá var jafnframt sléttar úr einhverjum rústum frammi á brúninni sem enginn þekkti né kunni skil á. Utan og neðan braggans má enn sjá rústir á barði (65°39´230/ 19°34´672) á talsverðri upphækkun. Ekki verða þær skilgreindar, en ótvírætt eru þar mannvirki” (HP, 138).
Lýsing
Tóftasvæðið er vinkillaga með, að því er virðist, um 20 m löngu húsi austast sem liggur norður-suður, nyrst á austurhlið þess gætu verið tveir litlir kofar, hlið við hlið um 3 x 5 m og 4 x 6 m og opnir til norðurs, þeir mynda austurarm vinkilsins. Þetta er þó allt fremur óljóst, veggir slitróttir og mikill gróður á svæðinu þegar skráð var. Hæstu veggirnir voru um 50 cm háir og mesta breidd um 1,5 m.

**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur*. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-80**
Sérheiti: Höfn
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í áðurnefndri jarðabók [Jarðabók Reynistaðaklausturs frá 1728] stendur Hafnöe og Fillesteinstad sem þýða mætti sem Höfn og Fjallsteinsstaði og sagt að þessar jarðir hafi legið undir Reyninesstaðar klaustur [...]. Árið 1728 veit enginn „skýrlega hvar þessar jarðir hafa legið, því aldrei hafa þær í elstu manna minni byggðar verið og engin líkindi sjást nú til hvar þær hafa staðið”. Þess er þó getið til að þær hafi verið í Holtsmúlalandi þar sem nú kallast Strábeygingarstaðir [A 474230 N 572653], en einnig talið líklegt að þær hafi verið í heimalandi Reynistaðar.“ (HP, 138) Enn fremur segir í Byggðasögunni: „Í línu frá fyrrgreindum rústum [átt er við nr.145992-63-79] sunnan og austan við braggann er forn garður, útflattur og býsna gildur á parti og virðist ná suður að

efri drögum Melsgilsins. Nokkrar líkur benda til að hér hafi verið býli fyrr á öldum en nafn þess og tilvist er með öllu týnd. Staðurinn er nú í landi Klausturbrekku. Það er tilgáta að þarna hafi verið býlið Höfn ” (HP, 138).

**Aðrar upplýsingar**

Lýsingu á Strábeygings- eða Strábeygingarstöðum er að finna í fornleifaskráningu fyrir jörðina Holtsmúla á Langholti. Aðrir staðir sem koma til greina eru svæðið (

Reynistaður 145992-63-56) norðan undir holtinu sem gengur norður af Svarðarhóli en þar er nokkur tóftaupphækkun og gætu gamlar tóftir leynst þar undir. Einnig er hugsanlegt að Höfn hafi verið í grennd við braggann á Mel, en þar var ýtt út einhverjum tóftum þegar bragginn var reistur

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-81**

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garður/hleðsla
Staðsetning: A 473402 N 572890
Ástand: Ómetið




**Garðlög við Melsgil 145992-63-81. Teikn: GSS.**

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vestan við Hvammsbrekkutún skammt austan Sæmundarhlíðarvegar reisti Steinn í Klausturbrekku fyrir fáum árum fjárhúsbragga. Hann var tekinn niðri á Staðarmýrum og færður þangað uppeftir, einn þeirra þriggja sem byggðir voru niðri á Staðarengjum um 1948. Þegar tekinn var grunnur undir braggann var sléttað

svæðið þar austur af fram á lága brekkubrún. Þá var jafnframt sléttar úr einhverjum rústum frammi á brúninni sem enginn þekkti né kunni skil á. Utan og neðan braggans má enn sjá rústir á barði (65°39´230/ 19°34´672) á talsverðri upphækkun. Ekki verða þær skilgreindar, en ótvírætt eru þar mannvirki. Í línu frá fyrrgreindum rústum [átt er við nr.145992-63-79] sunnan og austan við braggann er forn garður, útflattur og býsna gildur á parti og virðist ná suður að efri drögum Melsgilsins. Nokkrar líkur benda til að hér hafi verið býli fyrr á öldum en nafn þess og tilvist er með öllu týnd. Staðurinn er nú í landi Klausturbrekku.” (HP, 138).

**Lýsing**

Garðurinn er gamallegur og útflattur um 3 m breiður og um 50 cm hár, óljós á köflum. Liggur í norður-suður á um 80 m kafla sunnan við braggann en sveigir þá í stórum sveig til austurs og fylgir norðurbrún Melsgils allt austur að mynni þess ofan við félagsheimilið. Tvöfaldur garður liggur austan við og samhliða þessum garði þar sem hann liggur í norður-suður, en kemur þvert á hann þar sem hann beygir til austurs. Líklega eru garðlögin ekki öll frá sama tíma (í það minnsta ekki þar sem garðurinn virðist tvöfaldur) en virðast þó vera hluti af stærra mannvirki, hugsanlega gripheldi af einhverju tagi. Milli garðanna tveggja sem liggja samhliða norður-suður eru þrír garðar sem skipta mannvirkinu niður í fjögur hólf, þessir garðar eru allir um 25 m langir og fremur óljósir. Syðsta hólfið er í beygjunni og myndar þríhyrning, um 30 x 30 x 40 m, hin hólfin eru ferhyrnd það fyrsta um 20 x 25 m (austur-vestur) þá kemur hólf sem er um 25 x 25 m og það nyrsta um 40 x 25 m (norður-suður). Hugsanlega eru hólfin fleiri til norðurs þótt ekki hafi verið hægt að sjá þau á vettvangi, á loftmynd virðist mega greina tvö hólf til viðbótar, hið fyrra tæplega 20 x 20 m, beint austur af bragganum og þá annað 25 x 20 m (norður-suður). Engin greinileg hlið eru á þessum hólfum.

**Athugasemdir**

Loftmynd tekin við ákjósanleg skilyrði gæti varpað betra ljósi á garðlög á svæðinu.

**Reynistaður 145992-63-82**

Sérheiti: Fjallsteinsstaðir
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Ástand: Horfið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í áðurnefndri jarðabók [Jarðabók Reynistaðaklausturs frá 1728] stendur Hafnöe og Fillesteinstad sem þýða mætti sem Höfn og Fjallsteinsstaði og sagt að þessar jarðir hafi legið undir Reyninesstaðar klaustur [...]. Árið 1728 veit enginn „skýrlega hvar þessar jarðir hafa legið, því aldrei hafa þær í elstu manna minni byggðar verið og engin líkindi sjást nú til hvar þær hafa staðið”. Þess er þó getið til að þær hafi verið í Holtsmúlalandi þar sem nú kallast Strábeygingarstaðir [u.þ.b. A 474283 N 572662], en einnig talið líklegt að þær hafi verið í heimalandi Reynistaðar” (HP, 138). Um Fjallsteinsstaði má lesa í lýsingu Hafsteinsstaða í Byggðasögunni (H.P, 122).

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-83**

Sérheiti: Paradís

Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 472278 N 571913
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Paradís? (65°38´630/19°36´132). Suður við merki milli Geirmundarstaða og Reynistaðar, upp undir fjallinu niður undan Melsgilslæk, virðast minjar eftir býli. Liggur þar þurr ávali upp afmýrinni og er þar slétt svæði með þremur þúfnakrögum. Tóftirnar eru óglöggar en díslega mannvirkjaleifar. Á stuttum kafla að ofan og norðan vottar fyrir vallargarði. [...] Valtýr Sigurðsson bóndi á Geirmundarstöðum nefndi þennan stað Paradís og á minnisblaði frá Jóni á Reynistað er Paradís talin með fornbýlum í Staðarhreppi. Aðrar heimildir þekkir höfundur ekki að nafninu Paradís" (HP, 138).
**Lýsing**
Ekki vannst tími til að fara á vettvang og skoða umræddar minjar sumarið 2005.
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-84**
Sérheiti: Paradís
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Paradís? (65°38´630/19°36´132). Suður við merki milli Geirmundarstaða og Reynistaðar, upp undir fjallinu niður undan Melsgilslæk, virðast minjar eftir býli. Liggur þar þurr ávali upp af mýrinni og er þar slétt svæði með þremur þúfnakrögum. Tóftirnar eru óglöggar en víslega mannvirkjaleifar. Á stuttum kafla að ofan og norðan vottar fyrir vallargarði. [...] Valtýr Sigurðsson bóndi á Geirmundarstöðum nefndi þennan stað Paradís og á minnisblaði frá Jóni á Reynistað er Paradís talin með fornbýlum í Staðarhreppi. Aðrar heimildir þekkir höfundur ekki að nafninu Paradís" (HP, 138).
**Lýsing**
Þessar minjar eru óskoðaðar.
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

## *Minjar í Víðidal í Skagafirði*

Vettvangsskráning á heimajörð Reynistaðar fór fram eins og áður segir sumarið 2005. Þá var heimajörðin skráð og hjáleigurnar Geitagerði, Hvammskot og Melur. Vegna veðurs og tímaskorts var ekki hægt að fara vestur í Staðarfjöll og fram á Víðidal en þar er að finna leifar nokkurra selja og hjáleiga frá Reynistað. Að svo stöddu verður notast við bæði óútgefin og útgefin gögn Hjalta Pálssonar sagnfræðings sem hann safnaði við ritun Byggðasögu Skagafjarðar. Þar er einnig að finna hnit á sumum þessara staða sem Hjalti hefur tekið á ferðum sínum um svæðið. Áætlað er að fara á vettvang sumarið 2006 og mun nánari umfjöllunar um eftirfarandi minjar vera að vænta í skýrslu þar um.

**Skráning minja úr heimildum**

**Reynistaður 145992-63-85**
Sérheiti: Staðarsel
Hlutverk: Sel
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 465594 N 574363
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Staðarsel (65°39´91/19°44´88) er vestur í Staðarfjöllum, norðan lækjar, austan í Gyltuskarði. Selið stendur á hallandi þúfnarana milli tveggja lækja og hefur þar verið smátún. Miklar mannvirkjaleifar eru á Staðarseli á þremur smáhólum í túninu hvorum upp af öðrum. Á efsta hólnum er t.d. geysilega stór rétt, 16x10metrar að utanmáli. Á næsta hól spölkorn fyrir neðan eru nokkrar stórar kvíarústir og á þriðja neðsta hólnum er enn stór ferhyrnd rúst, sem kann að hafa verið kvíar einnig. Eru um 60-80m á milli efsta og neðsta hóls. Þess utan sjást tóftir ámörgum fleiri stöðum" (HP, 138).
**Aðrar upplýsingar**
Ekki gafst tími til að skoða umræddar minjar á vettvangi 2005.
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagfjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-86**
Sérheiti: Staðarsel
Hlutverk: Rétt
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Staðarsel (65°39´91/19°44´88) er vestur í Staðarfjöllum, norðan lækjar, austan í Gyltuskarði. Selið stendur á hallandi þúfnarana milli tveggja lækja og hefur þar verið smátún. Miklar mannvirkjaleifar eru á Staðarseli á þremur smáhólum í túninu hvorum upp af öðrum. Á efsta hólnum er t.d. geysilega stór rétt, 16x10metrar að utanmáli. Á næsta hól spölkorn fyrir neðan eru nokkrar stórar kvíarústir og á þriðja neðsta hólnum er enn stór ferhyrnd rúst, sem kann að hafa verið kvíar einnig. Eru um 60-80m á milli efsta og neðsta hóls. Þess utan sjást tóftir ámörgum fleiri stöðum" (HP, 138).

**Aðrar upplýsingar**
Ekki gafst tími til að skoða umræddar minjar á vettvangi 2005.
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-87**
Sérheiti: Staðarsel
Hlutverk: Kvíar
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Staðarsel (65°39´91/19°44´88) er vestur í Staðarfjöllum, norðan lækjar, austan í Gyltuskarði. Selið stendur á hallandi þúfnaranamilli tveggja lækja og hefur þar verið smátún. Miklar mannvirkjaleifar eru á Staðarseli á þremur smáhólum í túninu hvorum upp af öðrum. Á efsta hólnum er t.d. geysilega stór rétt, 16x10metrar að utanmáli. Á næsta hól spölkorn fyrir neðan eru nokkrar stórar kvíarústir og á þriðja neðsta hólnum er enn stór ferhyrnd rúst, sem kann að hafa verið kvíar einnig. Eru um 60-80m á milli efsta og neðsta hóls. Þess utan sjást tóftir ámörgum fleiri stöðum" (HP, 138).
**Aðrar upplýsingar**
Ekki gafst tími til að skoða umræddar minjar á vettvangi 2005.
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-88**
Sérheiti: Staðarsel
Hlutverk: Kvíar
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Staðarsel (65°39´91/19°44´88) er vestur í Staðarfjöllum, norðan lækjar, austan í Gyltuskarði. Selið stendur á hallandi þúfnarana milli tveggja lækja og hefur þar verið smátún. Miklar mannvirkjaleifar eru á Staðarseli á þremur smáhólum í túninu hvorum upp af öðrum. Á efsta hólnum er t.d. geysilega stór rétt, 16x10 metrar að utanmáli. Á næsta hól spölkorn fyrir neðan eru nokkrar stórar kvíarústir og á þriðja neðsta hólnum er enn stór ferhyrnd rúst, sem kann að hafa verið kvíar einnig. Eru um 60-80m á milli efsta og neðsta hóls. Þess utan sjást tóftir ámörgum fleiri stöðum" (HP, 138).
**Aðrar upplýsingar**
Ekki gafst tími til að skoða umræddar minjar á vettvangi 2005.
**Heimildaskrá**
*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-89**

Sérheiti: Staðarsel
Hlutverk: Mótekja
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í mýrunum vestan við selið lítur út fyrir að hafa verið mótekja” (HP, 138).

**Aðrar upplýsingar**

Ekki gafst tími til að skoða umræddar minjar á vettvangi 2005.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-90**

Sérheiti: Núpur/Stöðull
Hlutverk: Beitarhús, Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 464896 N 578271
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í svonefndum Stakkfellssporði sem myndast á milli Miðdalsár og Víðidalsár eru mannvistarleifar (65°42´008/19°45´852). Mælt er að þar hafi verið beitarhús frá Reynistað. Aurmál húsanna er glöggt. Þau hafa verið 5-6m breið og 13m löng. Heill stafn í norður, en dyrnar út við norðurstafn á austur- og vesturhliðum. Veggjaskil sjást engin, aðeins útlínurnar. Húsin hafa staðið á svolitlum hól austur við árgil Miðdalsárinnar” (HP, 170). Fyrr í bókinni er getið um beitarhúsin og þar segir: „[...] og loks Beitarhúsin í Stakkfellssporði sem sumir telja verið hafa býli og nefnt til *Núp* eða *Stöðul*” (HP, 166). Margeir Jónsson hefur skrifað um örnefni í Víðidal og þar segir: „Þarna austan við Víðidal rís Stakkfellið, 703 metrar á hæð, norðvestast. Þar sem áðurnefndar ár koma saman, heitir Stakkfelssporður nyrzt. Þar hefur verið byggt kot endur fyrir löngu. Sést þar vel fyrir túnstæði dálitlu og merkjanlegum vallargarði. Á túnstæðinu mótar fyrir húsarústum á tveim eða þrem stöðum. Enginn veit nú nafn á þessu koti, og fátt er þar til fegurðar, kargaþýfi allt í kring” (ÖVMJ, 88). Ekki er nefnt neitt bæjarnafn í þessari lýsingu en hugsanlegt er að þarna eigi Margeir við beitarhúsið sem getið er hér að ofan.

**Aðrar upplýsingar**

Ekki gafst tími til að skoða umræddar minjar á vettvangi.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

Margeir Jónsson (1998): Frásögn Landnámabókar um landnám í Skagafirði. Í Friðrik Margeirsson & Hjalti Pálsson (sáu um útgáfu). *Heimar horfins tíma. Rannsóknir og sagnir úr safni Margeirs Jónssonar á Ögmundarstöðum* (bls. 163-166). Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga.

**Reynistaður 145992-63-91**

Sérheiti: Núpur/Stöðull
Hlutverk: Nátthagi
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Húsin [átt er við beitarhúsin: Reynistaður 145992-63-90] hafa staðið á svolitlum hól austur við árgil Miðdalsárinnar. Í lautinni sunnan við sýnist vera dálítill nátthagi með fornlegu garðlagi umhverfis og er skiptur í tvö hólf þar sem syðra hólfið er miklu minna” (HP, 170).

**Aðrar upplýsingar**

Ekki gafst tími til að skoða umræddar minjar á vettvangi 2005.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur. Ritstj*. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-92**

Sérheiti: Hóll
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Björn Jónsson fræðimaður á Skarðsá samdi rit um eyðijarðir Reynistaðarklausturs í Víðidal árið 1654 sem nú er glatað og þar með mikilsverð vitneskja um byggðina þar og endalok hennar. Hins vegar er varðveitt bréf Björns frá sama tíma og er það elsta heimild um eyðingu byggðarinnar í Víðidal. Það er skrifað sem varnarskjal fyrir tíundargreiðslum af Skarðsá sem einhverjir töldu vera of lágar. Þar nefnir Björn eyðijörðina Hól sem lögð hafi verið undir Skarðsá og farið í eyði „er stórplága og manndauði gekk um Norðurlandið hvar og harðindi líklega með féllu, hvar um fróðlegir annálar vorir út vísa. Þá eyddust Reyninesstaðar klausturjarðir á fjöllum uppi, í Gönguskörðum og hér um byggðir niðri.” Síðan nefnir Björn eftirtaldar jarðir á Víðidal; Þúfnavelli, Þverá, Helgastaði og Gvendarstaði. Auk þess jarðir á Hryggjadal: Hryggi, Kerlingarstaði, Hrólfsvelli og Stöpul.” (HP, 165).

**Aðrar upplýsingar**

Ekki gafst tími til að skoða umræddar minjar á vettvangi 2005.

**Heimildaskrá**

*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.

**Reynistaður 145992-63-93**

Sérheiti: Þverá
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 461788 N 576753
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Býlið Þverá (65°41´170/ 19° 49´885, 225m.h.y.s) er yst á dalnum vestan megin Víðidalsár þar sem hún fer að beygja til norðausturs. Lítil á eða stór lækur kemur ofan úr svonefndum Þverárbotnum og hefur grafið sér umtalsvert gil. Bæjarstæðið er á breiðu lyng-móanesi sunnan við Þverána þar sem hún fellur til austurs og sameinast Víðidalsá" og „Aðalrústirnar eru mjög um-fangsmiklar á lítilli hæð, utan til á miðju nesinu, fremur óljósar og minna lítið á bæjarhús,miklu fremur á óskipulega rétt. Eina graslendið er á þessum rústum og kringum þær en umhverfið allt orðið mosavaxið" (HP, 166).




**Teikning af býlinu Þverá gerð eftir vettvangsteikningu Hjalta Pálssonar. Teikn. GSS.**

**Aðrar upplýsingar**

Ekki gafst tími til að skoða umræddar minjar á vettvangi 2005.

**Heimildaskrá**


*Byggðasaga Skagafjarðar, II. bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur.* Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2001.


**Reynistaður 145992-63-94**

Sérheiti: Þverá
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Heimild
Staðsetning: A 461736 N 576753
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Nokkru ofar, neðan undir hlíðarhallanum, er mjög forn vallargarður sem greinilega má sjá á svo sem 200metra kafla,mjög útflattur en hefur verið efnismikill. Kofarúst er efst uppi undir garðinum (65°42´152/19°49´985) og eru þaðan um 80metrar niður að aðalrústunum" (HP, 166).

**Aðrar upplýsingar**

Ekki gafst tími til að skoða umræddar minjar á vettvangi 2005.

**Heimildaskrá**


